Skólanámskrá Melaskóla

2025 - 2026

Almennur hluti
og
greinasvið

Forsíða **1**

Efnisyfirlit **2**

Almennur hluti **4**

Inngangur **4**

1. Starfsemi Melaskóla **4**

Saga 4

Tölulegar upplýsingar 5

2. Stefna, gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna, kennsluhættir **5**

Stefna 5

Gildin 6

Uppeldis- og kennslufræði 7

Kennsluhættir 8

2.1 Grunnþættir menntunar (útfærsla og áhersluþættir grunnskólalaga) - Almenn stefna og sýn Melaskóla **9**

Læsi 10

Sjálfbærni 11

Heilbrigði og velferð 12

Lýðræði og mannréttindi 13

Jafnrétti 14

Sköpun 15

2.2 Grunnþættir menntunar eftir árgangaáherslum Melaskóla **16**

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 1. - 2. bekk 17

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 3. - 4. bekk 18

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 5. - 7. bekk 20

3. Markmið náms **22**

4. Námsmat **24**

Námsmat - almennt 24

Námsmat - Mentor 25

5. Innra mat á árangri og gæðum **29**

6. Áætlanir um umbætur og þróunarstarf **30**

Matsteymi. 30

Langtímaáætlun Melaskóla: Innra mat 31

Gagnaöflun 32

Matskvarði 33

Matsáætlun Melaskóla 2025-2026: Innra mat 33

Umbótaáætlun Melaskóla 2025-2026 (sbr. matsáætlun) 35

7. Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun **38**

8. Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun **39**

Móttökuáætlun: Börn með annað tungumál en íslensku 40

Móttökuáætlun: Sérþarfir 40

9. Tengsl skóla við nærsamfélagið; hvernig nýta má það til náms og þroska **41**

10. Áætlanir Melaskóla **42**

Móttökuáætlun: Börn með annað tungumál en íslensku 42

Áfengis- og fíknivarnaáætlun 43
Aðgerðaáætlun gegn einelti og öðru ofbeldi 43
Öryggis- og slysavarnaáætlun 45
Jafnréttis- og mannréttindaáætlun 46
Viðbragðsáætlun við áföllum 47
Áætlun um agamál 47
Greinasvið **49**
Inngangur **49**

Almennur hluti

Inngangur

Í lögum um grunnskóla (91/2008) og í aðalnámskrá grunnskóla (2011, 2013) er kveðið á um að skólar skulu birta stefnu sína með tvennum hætti: "*Annars vegar er almenn stefnumörkun birt í skólanámskrá og hins vegar eru upplýsingar, sem eru breytilegar frá ári til árs, birtar í árlegri starfsáætlun*".[1] Melaskóli birtir hér endurskoðaða námskrá skólans fyrir skólaárið 2025-2026; bæði **almennan** hluta og **greinasvið** sem vistuð eru á heimasvæði Melaskóla á vef Reykjavíkurborgar. Greinasviðin eru einnig aðgengilegur forsjáraðilum nemenda á Minn Mentor undir námslotur.

Starfsáætlun Melaskóla fyrir skólaárið 2025-2026 er aðgengileg á vef Reykjavíkurborgar.

"*Skólanámskrá er nánari útfærsla á ákvæðum aðalnámskrár og tekur mið af sérstöðu hvers skóla*"[2] og í tilfelli Melaskóla byggir hún einnig á menntastefnu Reykjavíkurborgar.[3] Skólanámskrá fjallar um markmið og fyrirkomulag skólastarfsins, þ.e. hún er námsvísir þeirrar menntastefnu sem gildir fyrir skólasamfélag Melaskóla. Hún liggur til grundvallar eftirliti með skipulagi, framkvæmd og mati á gæðum skólastarfsins og veitir skólasamfélaginu upplýsingar um menntun nemenda í Melaskóla.

Skólanámskrá Melaskóla fylgir aðalnámskrá hvað varðar efnisþætti sem birta skal upplýsingar um.[4]

1. Starfsemi Melaskóla

Saga

Í starfsáætlun[5] má lesa um sögu og sérstöðu Melaskóla:

"*Kennsla hófst í Melaskóla 5. október 1946 og verður skólinn því 80 ára á skólaárinu 2025-2026. Haustið 1999 var ný skólabygging tekin í notkun og þá varð skólinn jafnframt einsetinn.*

Melaskóli tók við af Skildinganesskóla sem var til húsa á ýmsum stöðum í Skerjafirði og á Grímsstaðaholti á árunum 1926 til 1946. Skildinganesskóli var gerður að sjálfstæðum skóla árið 1936 en hafði áður verið útibú frá Mýrarhúsaskóla og síðar Miðbæjarskóla. Fyrsta árið sem kennt var í Melaskóla voru nemendur um 850 og kennarar 26. Flestir urðu nemendur í skólanum 1493 talsins. Það var skólaárið 1955-1956.

[1] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.65
[2] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.65; starfsáætlun 2024-2025, bls.26
[3] starfsáætlun 2025-2026, bls.11-13
[4] aðalnámskrá, 3.útg.pdf, 2016, bls.66
[5] starfsáætlun sama, bls.4

Sérstaða skólans felst meðal annars í aldri hans. Í upphafi var mjög vandað til húsnæðisins og hefur byggingin, vönduð og hlýleg, laðað það góða fram í börnunum. Einar Sveinsson, arkitekt, teiknaði eldri skólabygginguna og voru listamennirnir Barbara Árnason og Ásmundur Sveinsson fengnir til þess að myndskreyta bygginguna. Arkitekt nýju skólabyggingarinnar er Ögmundur Skarphéðinsson. Nemendur Melaskóla, veturinn 2000 til 2001, gáfu skólanum listaverkið "Borg" vorið 2001. Verkið er í nýju skólabyggingunni.

Melaskóli er gróinn skóli í grónu hverfi. Í skólastarfinu sjálfu kallast á hefðir og nýbreytni. Reynt er að viðhalda og hlúa að því besta úr vinnubrögðum, hefðum og umgengnisreglum sem skapast hafa í áranna rás."

Tölulegar upplýsingar

Nemendur í Melaskóla eru á aldrinum 6 til 12 ára. Haustið 2025 voru þeir rétt rúmlega 500 talsins í 25 bekkjardeildum. Samtals starfa við skólann um 80 starfsmenn. Skólahverfi Melaskóla er stórt og markast það í stórum dráttum af Hringbraut, Háskólasvæðinu, Skerjafirði, Ægisíðu og Kaplaskjólsvegi.

2. Stefna, gildi, uppeldis- og kennslufræðileg stefna, kennsluhættir

Stefna

Í starfsáætlun[6] er stefna Melaskóla m.a. tilgreind:

"*Stefna Melaskóla er að vera árangursríkur skóli sem byggir á traustum grunni þar sem gleði og umburðarlyndi, virðing og jákvæður agi einkennir starfsumhverfið. Nám og velferð nemenda er ætíð sett í öndvegi."*

"Stefna Melaskóla er að öllum líði vel og það ríki almenn starfsánægja meðal starfsfólks. Starfsfólk komi fram við samstarfsfólk og nemendur eins og þeir vilja að komið sé fram við það. Til að svo megi verða þarf starfsfólk að sýna hvert öðru umburðarlyndi og tillitssemi og hafa jákvæðni að leiðarljósi dag hvern. Grundvallaratriði er að milli starfsfólks og nemenda séu góð samskipti, að við skólann starfi hæft starfsfólk sem er stolt af starfi sínu og skólanum og sýni ábyrgð, fagmennsku, frumkvæði og sveigjanleika."

"Stefna Melaskóla er að flétta saman inntaki námsins og fjölbreyttum kennsluaðferðum sem taka mið af ólíkum einstaklingum, efla félagsfærni nemenda og veita þeim tækifæri til að læra og þroskast. Áhersla er lögð á að skapa gagnkvæmt traust milli skóla og heimilis þannig að nám og velferð nemenda séu höfð að leiðarljósi."

[6] starfsáætlun sama, bls.5,13

"Stefna skólans er að fylgjast með nýjungum, tileinka sér þær sem þykja góðar en jafnframt að halda í það sem hefur gefist vel. ***Leiðsagnarnám*** *verður endurinnleitt. Áhersla verður lögð á* ***hæfni- og leiðsagnarmat*** *samkvæmt aðalnámskrá …"*
"Eitt af meginmarkmiðum skólans er að efla umhverfisvitund. Í því felst meðal annars að hvetja til góðrar umgengni í skólanum og nánasta umhverfi hans, að leita leiða til frekari endurvinnslu og spara orku, að skapa tækifæri til útikennslu, útivistar og aukinnar hreyfingar". [7]

"Stefna skólans er að bekkir séu stokkaðir upp og myndaðir nýir þegar nemendur flytjast yfir á miðstig. Þessi skil marka upphaf að nýju tímabili og markmiðið er að jafna hópastærðir og kynjaskiptingu, auka umburðarlyndi og fyrirbyggja einelti og aðra andfélagslega hegðun"
(sjá neðar bls.15).

Stefna Melaskóla í heimanámi er:[8]

"Í öllum árgöngum er gert ráð fyrir að nemendur vinni einhverja heimavinnu. Tilgangur heimanámsins í yngstu árgöngunum er að foreldrar taki þátt í námi barna sinna og örvi áhuga þeirra. Áhersla er lögð á lestur, skipuleg vinnubrögð, undirbúning næsta dags og að ljúka við verkefni. Heimavinnuáætlun er hægt að nálgast á heimasvæði nemenda í Mentor."

Stefna Melaskóla í sérkennslu [9]

"*Stefna skólans er að hafa starfandi menntaða sérkennara sem annast daglega kennslu, faglega stjórnun, skipulag sérstaks stuðnings/sérkennslu og ráðgjöf til foreldra og umsjónarkennara.*"

Sýn Melaskóla á skólastarfið og mannauðinn er:[10]

"*Starfsmenn og nemendur skólans, þekking þeirra og hæfni, eru megin auðlind skólans. Hana skapa þeir með jákvæðu hugarfari, metnaði og starfsgleði. Í Melaskóla viljum við sjá fagmennsku stjórnenda og starfsfólks í fyrirrúmi í daglegu skólastarfi. Að fagmennskan stuðli að því að nemendum líði vel og að þeim fari stöðugt fram þannig að þeir öðlist gott atlæti og menntun fyrir líf og starf.*"

Gildin

"Einkunnarorð og gildi Melaskóla eru: **vellíðan, samvinna**, **metnaður** og **sköpunargleði**." [11]
Þessi gildi voru valin á árunum 2007-2008 og komu fjölmargir aðilar skólasamfélagsins að stefnumótuninni. Gildin fjögur eru leiðarljósin í daglegu starfi Melaskóla; ljós sem varða leiðina að góðum árangri í starfi skólans. Hann felst í velferð og almennri menntun nemenda út frá námsstöðu, námsaðlögun, námsþörfum og þroska.

Merki Melaskóla var upphaflega hannað af Ásmundi Sveinssyni myndhöggvara. Merkið sýnir afar nytsamlegt tæki, *vindhana* sem upplýsir okkur um vindátt hverju sinni. Áherslan skólans er

[7] starfsáætlun sama, bls.5
[8] starfsáætlun sama, bls.27,42
[9] starfsáætlun sama, bls.31
[10] starfsáætlun sama5, bls.13-14
[11] starfsáætlun sama, bls.5

þó á hanann í öðru tilliti. Í sögulegu ljósi er haninn *tákn* heiðarleika, trausts og virðingar. Jafnframt er hann tákn dirfsku, árvekni, baráttuanda og stolts. Þessi gildi falla vel að menntastefnu Melaskóla.

Uppeldis- og kennslufræði

Uppeldis- og kennslufræði Melaskóla byggir á grunni *leiðsagnarnáms*. Eins og segir í stefnuyfirlýsingunni ofar þá er velferð, nám og menntun nemenda sett í öndvegi í Melaskóla. Kjarni leiðsagnarnáms er að aðstoða nemandann við að taka aukna ábyrgð á eigin námi, m.ö.o. að valdefla nemendur, styrkja sjálfsmynd og auka félagsfærni þeirra til að þeir nái sem bestum námsárangri. Þessi valdefling er í samræmi við eina af lykilhæfni skv. aðalnámskrá, þ.e. ábyrgð og mat á eigin námi.[12] Hún tengist einnig öllum fimm áhersluþáttunum í menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Leiðsagnarnám fellur jafnframt vel að kröfum aðalnámskrár um námsmat í grunnskólum:[13]

"*Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess.*"

"*Leggja skal áherslu á leiðsagnarmat sem byggist á því að nemendur velti reglulega fyrir sér námi sínu með kennurum sínum til að nálgast eigin markmið í náminu og ákveða hvert skal stefna. Nemendum þarf að vera ljóst hvaða viðmið eru lögð til grundvallar í matinu.*"

Uppeldis- og kennslufræði Melaskóla í anda leiðsagnarnáms stuðlar einnig að umburðarlyndi og dregur úr einelti og óæskilegri hegðun. Jákvæð áhrif námsfélaga í leiðsagnarnámi hefur m.a. sýnt fram á eftirfarandi:

- Hæfni í samvinnu eykst
- Það dregur úr kynjamun í námsárangri
- Það dregur úr einelti og neikvæðum samskiptum
- Nemendur sem hafa verið félagslega einangraðir ná betri tengslum við hópinn

Melaskóli er *Réttindaskóli Unicef* (sjá neðar bls.11) eins og fram kemur í starfsáætlun[14] og menntastefna Reykjavíkurborgar byggir á:

"*Markmið Réttindaskóla er að byggja upp lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa börnum að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Með þetta að markmiði eru grunnforsendur Barnasáttmálans útgangspunktur fyrir allar ákvarðanir í skóla- og frístundastarfi auk þess sem þær endurspeglast í samskiptum barna, ungmenna, kennara, frístundaráðgjafa og annarra starfsmanna.*"

[12] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Lykilhæfni og grunnþættir menntunar
[13] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.54,57; breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Leiðsagnarmat
[14] starfsáætlun sama, bls.8

Melaskóli er skóli án hvers kyns aðgreiningar og mismununar. Skólinn "*hefur hlotið Regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem hinseginvænn vinnustaður. Vottunin er hluti af því að framfylgja mannréttindastefnu borgarinnar*"[15] (sjá neðar bls.14).

Melaskóli er þátttakandi í Grænum skrefum Reykjavíkurborgar (sjá bls.11). Verkefnið snýst m.a. um að gera alla starfsemi borgarinnar umhverfisvænni. Áhersla á græn gildi er hluti af kennslu- og uppeldisfræði Melaskóla.

Melaskóli fylgir stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf sbr.: Heimurinn er hér (sjá neðar bls.14).

Kennsluhættir

Kennsluhættir í Melaskóla taka mið af ofansögðu, þ.e. stefnu, gildum, uppeldis- og kennslufræði skólans með áherslu á leiðsagnarnám, mennta- og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í skólastarfinu er stefnt á að nemendur tileinki sér sértæka hæfni innan námsgreina og einnig lykilhæfni byggða á grunnþáttum menntunar. Í starfsáætlun skólans er fjallað um kennsluhætti skólans og dregnar fram áherslur sem styðja við lykilhæfni, þ.e. þá hæfni sem snýr að nemendum sjálfum og tengslin við grunnþættina.

Stefnu Melaskóla í kennsluháttum, eftir aldri og þroska nemenda, og tengslin við grunnþættina má sjá í eftirfarandi töflu:[16]

Kennsluhættir sem styðja við lykilhæfni - Nemendur:	**Tengsl við grunnþætti menntunar**
fái að læra á eigin forsendum	jafnrétti, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi
fái tækifæri til að nálgast viðfangsefni, ferli og afrakstur á fjölbreyttan hátt	sjálfbærni, jafnrétti, læsi, sköpun
hafi val milli fjölbreyttra leiða við að nálgast upplýsingar og námsefni, öðlast skilning og þróa afurð námsins	sköpun, læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi
geti unnið saman að lausn verkefna einstaklingslega, í paravinnu eða litlum hópi	sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, sköpun, læsi
taki þátt í bekkjarumræðum um viðfangsefni	sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, heilbrigði og velferð, sköpun, læsi
fái að njóta styrkleika sinna í námi	sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun

[15] starfsáætlun sama, bls.8
[16] starfsáætlun sama, bls.26-27

séu virkir þátttakendur í námi sínu	sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, læsi
fái tækifæri til að sýna getu sína í fjölbreyttu námsmati þar sem flestir þættir námsins eru metnir	heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti, sjálfbærni
öðlist jákvæða sjálfsmynd með því að fá tækifæri til að máta nýja þekkingu við fyrri þekkingu til að öðlast skilning	heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti, læsi
finni að þeir eru velkomnir, njóti virðingar, séu öruggir og þroskist	heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti
finni að reiknað er með að þeir skili árangri	læsi, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, sköpun, jafnrétti

Í starfsáætlun[17] eru jafnframt nefnd fleiri dæmi um fjölbreytta kennsluhætti í Melaskóla til að efla lykilhæfni nemenda.

Dæmi um fjölbreytta kennsluhætti og áherslur Melaskóla:

- aukin áhersla á verklega nálgun innan námsgreina
- þverfagleg þemaverkefni í öllum árgöngum
- smiðjur með blöndun nemenda innan árgangs
- hringekja/stöðvavinna innan bekkjardeilda og/eða árgangs
- útikennsla, vettvangsferðir, skólaferðalög innanlands og erlendis
- að efla tjáningu og að nemendur þjálfist í að færa rök fyrir máli sínu
- að efla jákvæða sjálfsmynd, sjálfstæði og samkennd meðal nemenda
- fagkennsla kennarar í ákveðnum námsgreinum
- samþætta upplýsinga- og tölvutækni þverfaglega í námi og kennslu

2.1 Grunnþættir menntunar (útfærsla og áhersluþættir grunnskólalaga) - Almenn stefna og sýn Melaskóla

Velferð og almenn menntun nemenda eru lykilmarkmið Melaskóla. Með skilgreiningum á grunnþáttum menntunar er reynt að kortleggja hvað almenn menntun felur í sér og skapa samfellu í öllu skólastarfi. Grunnþættir menntunar eru bæði samfélags- og einstaklingsmiðaðir.

[17] starfsáætlun sama, bls.22; breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Nám, kennsla og kennsluhættir

Grunnþættir menntunar eru sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. [18] Þeir tengjast allir innbyrðis og eru hver öðrum háðir.

Grunnþætttir menntunar, ásamt áhersluþáttum grunnskólalaga, eru leiðarljós Melaskóla í skólastarfinu. Grunnþættirnir endurspeglast í starfsháttum skólans, samskiptum og skólabrag. Þeir eru sýnilegir í skólastarfinu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði í þekkingu og leikni sem nemendur tileinka sér. [19] Grunnþættir menntunar eru jafnframt sýnilegir í námsmati (sjá bls.25) og í innra mati Melaskóla (sjá neðar bls.30).

Nú verður fjallað um hvern grunnþátt fyrir sig og hann tengdur stefnu og sýn Melaskóla. Því næst verður fjallað nánar um grunnþættina og áhersluatriði árganga skólans m.t.t. til þeirra. Grunnþættirnir tengjast þannig *greinasviði* skólanámskrárinnar. Greinasviðið er til grundvallar kennsluáætlunum Melaskóla, þ.e. árganga- og vikuáætlunum kennara. Greinasviðið er aðgengilegt nemendum, foreldrum og aðstandendum í Minn Mentor og Mentor appinu á flísinni *Námslotur* og einnig á vef Reykjavíkurborgar á heimasvæði Melaskóla (sjá bls.4).

Læsi

Melaskóli leggur áherslu á læsi sem grundvallast m.a. á hæfni í ritun, lestri og lesskilningi, stafrænu læsi, menningarlæsi, miðlamennt og miðlalæsi. Þessi hæfni, þ.e. bæði *lestrartækni* og *víðlæsi*, tengist einstaklingnum sem og félagslegu umhverfi hans, þ.e. þeirri menningu sem hann elst upp í. Læsi er í sögulegri þróun sem menning, samfélag, náttúra, tækni og verkkunnátta setja mark sitt á. Læsi snýst um skilning, tjáningu og túlkun á lífinu sjálfu til að það hafi merkingu fyrir okkur.

Í dag eru í boði margs konar miðlar sem nemendur þurfa að vera læsir á, þ.e. geta nýtt sér til að skapa og umbreyta merkingu og koma henni á framfæri. Í Melaskóla er upplýsinga- og tæknimennt þverfagleg og kemur inn sem stuðningur við grunnþáttinn læsi í öllum árgöngum.

Læsisstefna Melaskóla kveður á um færni allra nemenda í íslensku, þ.e. læsi á íslenskt mál. Læsi er viðfangsefni allra sem í skólanum starfa og eiga aðkomu að honum. Íslenska er skólamál Melaskóla, sbr. *málstefnu* skólans.

Áherslur Melaskóla í **læsi** eru sbr. starfsáætlun:[20]

- Unnið er markvisst að eflingu hefðbundins læsis, tæknilæsis, sem og læsis í víðum skilningi í öllu skólastarfi (s.s. umhverfislæsi, upplýsingalæsi, menningarlæsi, stærðfræðilæsi, félagslegt læsi og tilfinningalæsi). Markmið lestrar er góður lesskilningur, að lesa sér til gagns, gott lestarlag og að njóta þess að lesa (sbr. yndislestur)
- Lestrarkennsla fer fram í öllum árgöngum skólans og fá seinfærir og bráðgerir nemendur viðeigandi stuðning í lestrarnámi

[18] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.16,36; breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Lykilhæfni og grunnþættir menntunar
[19] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.16
[20] starfsáætlun sama, bls.12,26-27,29,36

- Stuðst er við niðurstöður lesfimiprófa í Skólagátt til að greina árlega heildarstöðu skólans í lestri og bera hana saman við landsmeðaltal. Einnig er stuðst við árangur úr öðrum sannreyndum prófum og skimunum í innra mati skólans, t.d. Lesskimun 1, Lesmál, Aston Index og Orðarún. Niðurstöður hafa áhrif á skipulag lestrarkennslu í bekk, árgöngum, lestrarstuðning, umbóta- og starfsþróunaráætlun
- Yndislestur nemenda er 2-3 í viku í skólanum og nestissaga lesin daglega
- Grunnurinn er lagður með markvissum aðferðum lestrarkennslu skv. hljóðaaðferð samhliða *Læsi til náms* þar sem byggt er ofan á reynslu og hæfni nemenda
- *Læsiteymi* starfar innan skólans. Það ígrundar lestrarkennsluna, lestraraðferðir o.fl.
- Gott samstarf við *heimili* nemenda styrkir framgang lestrarkennslunnar og þar gegnir heimalestur lykilhlutverki:
  "Það er samstarfsverkefni heimils og skóla að gera nemendur læsa og tryggja að lestrarnám barna verði farsælt."[21]
- *Skólasafnið* styður við lestrarnám og lestraráhuga með bókum og lesefni sem endurspegla gæði, fjölbreytni og menningu. Nemendur heimsækja skólasafnið, vinna þar þematengd verkefni og fara þar í smiðjur. Bókaklúbbur fyrir elstu nemendur er á skólasafninu og lestrarvinir heimsækja þar þá yngri
- *Lestrarstefna* grunnskólanna í Vesturbæ var samræmd fyrir nokkrum árum og er undanfari samstarfsverkefnis um eflingu málþroska, lestrarfærni og lesskilnings í leik- og grunnskólum hverfisins. Stefnt er að því að viðhalda þessu samstarfi

Sjálfbærni

Menntun til sjálfbærni liggur til grundvallar öllu skólastarfi Melaskóla. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir samspili náttúru og samfélags (þ.e. félags- og efnahagsþátta). Náttúran er takmörkuð auðlind sem menn þurfa að umgangast af ábyrgan, þ.e. á sjálfbæran hátt til að gera Jörðina byggilega öllum lífverum til framtíðar. Menntun til sjálfbærni snýst um að nemendur átti sig á að hver og einn einstaklingur getur með líferni sínu (sbr. vistspor) haft áhrif á sjálfbæra þróun Jarðarinnar.

Áherslur Melaskóla í **sjálfbærni** eru sbr. starfsáætlun:[22]

- *Náttúrufræðigreinar* eru kenndar m.t.t. umhverfismenntar og umhverfisverndar. Dæmi um sjálfbærniverkefni sem eldri nemendur vinna að er um orkuna og nýtingu hennar
- Þátttaka Melaskóla í *Grænum skrefum* Reykjavíkurborgar (sjá bls.8). Meðal verkefna er t.d. að flokka rusl til endurvinnslu, nota fjölnotaumbúðir undir nesti og mat og koma í veg fyrir matarsóun í eldhúsi og matsal skólans, draga úr fatasóun, ganga vel um námsgögn og ritföng, orkusparnaður og útikennsla

[21] Handbók um notkun lesfimi- og stuðningsprófa Lesferils, bls.36
[22] sjá starfsáætlun sama, bls.26

- *Samfélagsgreinar* eru kenndar m.t.t. umhverfismenntar og umhverfisverndar. Ýmis verkefni eru samofin sjálfbærnimenntun og getu til aðgerða, þ.e. samfélagsþátttöku með sjálfbærni að leiðarljósi
- Melaskóli er *Réttindaskóli* (sjá bls. 7). Fræðsla og verkefni um réttindi barna tengjast sjálfbærnimenntun og þátttöku í lýðræðislegum vinnubrögðum.

Heilbrigði og velferð

Í starfsáætlun Melaskóla um heilbrigði og vellíðan segir:[23]

"*Vellíðan er eitt af fjórum gildum Melaskóla. Áhersla er lögð á lífsleiknikennslu með umræðu um heilbrigðan lífsstíl, vellíðan og forvarnir allt út frá aldri og þroska nemenda. Almenn vellíðan nemenda hefur áhrif á hvernig skóladagurinn þróast og mikil áhersla er lögð á að veita þeim tækifæri til að tjá sig og upplifa að hlustað sé á þá. Allt starfsfólk eru fyrirmyndir sem tileinkar sér jákvæð samskipti og skapar gott andrúmsloft. Bekkjarfundir undir leiðsögn kennara er vettvangur í öruggu umhverfi þar sem uppbyggilegar umræður eiga sér stað og styrkja samhliða félagsfærni, sjálfsmynd og vellíðan nemenda. Gott upplýsingaflæði er á milli heimilis og skóla um velferð nemenda.*"

Melaskóla er annt um að starfsfólki og nemendum líði vel í skólastarfinu, heilsist og farnist vel. Helstu áhersluþættir heilbrigðis skv. aðalnámskrá eru: "*jákvæð sjálfsmynd, hreyfing, næring, hvíld, andleg vellíðan, góð samskipti, öryggi, hreinlæti, kynheilbrigði og skilningur á eigin tilfinningum og annarra.*" *Heilbrigði byggir á andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan.*"[24] Heilbrigði er mikilvægur þáttur í skólastarfinu og felur í sér bæði velferð og vellíðan. Melaskóli leggur áherslu á að nemendur temji sér heilbrigða lífshætti og efli siðgæðisþroska sinn. Allir í skólasamfélaginu bera ábyrgð á að skólinn sé og verði heilbrigður; starfsfólk sem fyrirmyndir, foreldrar og nemendur, heilsugæsla, velunnarar og grenndarumhverfi. Góður skólabragur og heilbrigði tengjast órofa böndum.

Melaskóli leggur áherslu á að styrkja sjálfsvitund nemenda, þ.e. að þeir öðlist heilbrigða og raunsæja sjálfsmynd, séu tilfinningalæsir, þekki sínar sterku og veiku hliðar og hafi trú á eigin getu. Jafnframt eflir Melaskóli siðgæðisvitund (siðvit) nemenda sem læra að að setja sig í spor annarra og greina rétt frá röngu í álitamálum og samskiptum. Með því móti þroska nemendur með sér félags- og borgaravitund og undirbúa sig fyrir virka þátttöku í samfélaginu.[25]

Áherslur Melaskóla í **heilbrigði og velferð** eru:

- Forvarnarstefna Reykjavíkurborgar
- Skólahjúkrunarfræðingur heilsugæslunnar heimsækir bekki og útskýrir heilsuvernd í árgöngum, sbr. 6H heilsunnar og Heilsueflandi grunnskóli
- Þátttaka Melaskóla í Ólympíuhlaupi ÍSÍ (áður Norræna skólahlaupið) og átakinu Göngum í skólann

[23] starfsáætlun sama, bls.12-13, 26-27
[24] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.23
[25] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.37

- Melaskóli er Réttindaskóli UNICEF
- Melaskóli starfar eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og hefur hlotið regnbogavottun borgarinnar
- Heilsutengdar áætlanir Melaskóla og kynningar á þeim, s.s. tilfærsluáætlun, forvarnaráætlun, mannréttinda- og jafnréttisáætlun, umhverfisstefna, öryggisáætlun, áfallaáætlun, viðbragðáætlun Almannavarna, eldvarna- og rýmingaráætlun [26]
- *Skólamötuneyti* sem býður upp á góðan, hollan og næringarríkan mat skv. áherslum Reykjavíkurborgar
- Að nemendur komi með hollt og gott nesti í skólann. Einnig er boðið upp á hafragraut fyrir nemendur á morgnana
- *Forvarnarkennsla* í ýmsum námsgreinum sem stuðla að heilbrigði, vellíðan og velferð nemenda, s.s. íþrótta-, sund- og danskennsla, umferðafræðsla með aðkomu lögreglunnar, útikennsla, vettvangsferðir, bekkjarfundir, þverfagleg þemaverkefni og lífsleiknikennsla um m.a.: hollt matarræði og góðan svefn, kynfræðslu, tóbaks- og vímuefnafræðslu, félagsfærni, sjálfseflingu og jákvæða sjálfsmynd
- Fræðsla gegn kynferðislegu ofbeldi í anda rannsóknarinnar „*Krakkarnir í hverfinu*“
- Ýmis þverfagleg skólaverkefni, s.s. nefndir og ráð, leikrit, skemmtanir, bekkjarkvöld og skólaferðalög
- Samstarf við félagsmiðstöðina Frosta. Starfsemin er kynnt að hausti og dagskráin auglýst í skólanum [27]
- Styrkja tengsl heimilis og skóla, t.d. með því að hvetja foreldra til eftirlits og eftirfylgni með skólagöngu og heimanámi barna sinna, svefnvenjum þeirra, farsímanotkun o.fl.
- Nordplus er Erasmus-verkefni. Um er að ræða samstarfsverkefnið við kennara og nemendur í Eistlandi með áherslu á heilbrigðan lífsstíl
  Melaskóli tekur einnig þátt í *Nordplus* verkefninu: Sprogvenner í Norden
- *Global students* er samstarfisverkefni við Danmörku, Portúgal og Spán. Um er að ræða alþjóðlegt nemendasamstarf um heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Lýðræði og mannréttindi

Lýðræðis- og mannréttindamenntun mótar skólastarf Melaskóla og nær til alls skólasamfélagsins. Nemendum bíður þátttaka í lýðræðissamfélagi sem ber virðingu fyrir manngildi hvers og eins. Melaskóli tekur mið af þessu í daglegum samskiptum við nemendur í samræmi við aldur þeirra og þroska. Þeim er kennt að taka ábyrgð á eigin námi, þeir eru uppfræddir um réttindi sín, ábyrgð og skyldur, þeir ígrunda og skoða siðferðileg álitamál með gagnrýnni hugsun og umhyggju fyrir náttúru og samfélagi.

Í starfsáætlun skólans segir m.a. um lýðræði- og mannréttindi:[28]

[26] starfsáætlun sama, bls.44-47
[27] starfsáætlun sama, bls.37
[28] starfsáætlun sama, bls.45,26-27

"Í Melaskóla leitast fólk við að starfa í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsmenn komi fram af virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum og geti ávallt komið skoðunum sínum á framfæri á uppbyggilegan hátt. Mannréttinda- og jafnréttisáætlun Melaskóla var unnin samkvæmt leiðbeiningum frá Jafnréttisstofu og kynnt starfsfólki og nemendum."

Áherslur Melaskóla í **lýðræði og mannréttindum** eru:

- Skólinn starfar eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem byggir á mannréttindum og jafnræðisreglunni, þ.e. banni við hvers kyns mismunun
- Lýðræði og mannréttindi eru viðfangsefni allra námsgreina. Áhersla Melaskóla er á *samfélagsgreinar* (s.s. saga, siðfræði, þjóðfélagsfræði) sem fjalla beint um lykilhugtök lýðræðis- og mannréttinda. Í Melaskóla er lögð áhersla á að kenna nemendum þessi hugtök, þ.e. merkingu þeirra og tilgang
- Í kennslustundum (sbr. *lífsleikni*) og á *bekkjarfundum* læra nemendur um lýðræði með þátttöku í lýðræðilegu samstarfi
- Í *réttindaráði, nemendaráði og skólaráði* læra nemendur um lýðræði með þátttöku í lýðræðislegu samstarfi
- Í *félagsstarfi* og viðburðum, s.s. á þemadögum, í samsöng, í vettvangsferðum og skólaferðalögum, á íþrótta- og vorhátíðum, í leiklist og dansi, í frístundastarfi í Selinu og Frostaskjóli, í Vesturbæjarfléttunni o.fl., læra nemendur um lýðræði með þátttöku í lýðræðilegu samstarfi og aðstæðum
- Í *nemendastýrðum foreldraviðtölum* læra nemendur um lýðræði með þátttöku í lýðræðislegum aðstæðum

Jafnrétti

Eins og fram kom í kaflanum um lýðræði og mannréttindi þá starfar Melaskóli eftir Mannréttindastefnu borgarinnar og jafnréttislögum. Mannréttindi grundvallast á *jafnræðisreglunni* um bann við hvers kyns mismunun. Ýmsir þættir geta skapað og skapa mismun eða forréttindi hjá fólki. Þeir eru helstir: *aldur, búseta, fötlun, kyn, kynhneigð, litarháttur, lífsskoðanir, menning, stétt, trúarbrögð, tungumál, ætterni og þjóðerni*. Jafnréttismenntun Melaskóla (inntak hennar, aðferð og umhverfi) gengur út á að fræða og upplýsa nemendur um að enginn þessara þátta megi skapa mismun eða forréttindi í samfélaginu. Nemendur fá fræðslu í kynjafræði og í allri verkefnavinnu er lögð áhersla á að búa öll kyn undir virka þátttöku í samfélaginu.

Áherslur Melaskóla í **jafnrétti** eru skv. starfsáætlun:[29]

- Skólinn starfar eftir Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og byggir á mannréttindum og jafnræðisreglunni, þ.e. banni við hvers kyns mismunun
- Melaskóli er skóli án hvers kyns aðgreiningar og mismununar. Skólinn "*hefur hlotið Regnbogavottun Reykjavíkurborgar sem hinseginvænn vinnustaður. Vottunin er hluti af því að framfylgja mannréttindastefnu borgarinnar*" (sjá bls.7).

[29] starfsáætlun sama, bls.45, 26-27

- Melaskóli fylgir stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf, sbr.: Heimurinn er hér (sjá bls.8)
- Jafnrétti og jafnræði er viðfangsefni allra námsgreina. Áhersla Melaskóla er á *samfélagsgreinar* (s.s. saga, siðfræði, trúarbragðafræði, þjóðfélagsfræði) og *líffræði* sem fjalla beint um lykilhugtök jafnréttismenntunar. Í Melaskóla er lögð áhersla á að kenna nemendum um hugtök og heiti í jafnréttismenntun
- Við tilfærslu nemenda af yngsta stigi yfir á miðstig er bekkir stokkaðir upp og nýir myndaðir. Markmiðið með uppstokkununni er m.a. það að gæta að réttlátri blöndun nemenda og jafnari kynjaskiptingu, auka umburðarlyndi og fyrirbyggja einelti og aðra andfélagslega hegðun (sjá bls.6)

Sköpun

Í starfsáætlun Melaskóla um sköpun segir: [30]

"*Sköpunargleði er eitt af fjórum gildum Melaskóla. Leitast er við að vera með skapandi skólastarf sem einkennist af fjölbreyttum kennsluaðferðum og vinnubrögðum þar sem skipulag er opið og sveigjanlegt. List- og verkgreinar gegna mikilvægu hlutverki í skólanum. Skapandi skólastarf er hjartað í innleiðingu menntastefnu Reykjavíkurborgar þar sem í sköpun liggur kraftur sem er afar þýðingarmikill bæði fyrir nemendur og skólasamfélagið í heild. Með því að auka veg sköpunar í Melaskóla stuðlum við að fjölbreyttu og kraftmiklu skólastarfi og búum nemendur undir að takast á við framtíð sem er óráðin og flókin en jafnframt full af ókönnuðum og spennandi möguleikum.*

Á greinasviði list- og verkgreina er margt að finna í ólíkum verkefnum þegar kemur að skapandi skólastarfi en skapandi skólastarf er einnig að finna í skólastofum umsjónarkennara bæði í stóru og smáu."

Melaskóli er leiðsagnarnámsskóli (sjá ofar bls.7). Það felur í sér að skólastarfið einkennist af *vaxandi* hugarfari en ekki *fastmótuðu*. Grunnþátturinn sköpun er ein lykilforsenda hugarfars vaxtar. Melaskólanemendur eru hvattir til að prófa sig áfram með nýjungar, ýtt er undir forvitni þeirra og frumkvæði, leikgleði, heilabrot og ígrundun, gagnrýna rökhugsun og sköpunargleði sem eflir námsáhuga þeirra. Litið er á mistök sem námstækifæri, þ.e. mikilvægan þátt í námsaðlögun hvers og eins. Nemendum á að líða vel í Melaskóla og þeir eiga að vera óhræddir við að takast á við dagleg verkefni, lítil sem stór. Þar skiptir sköpunarferlið og sköpunargleðin ekki síður máli en lokaniðurstaða.

Leiðsagnarnám byggt á sköpun krefst opins og sveigjanlegs skipulags, t.d. vegna samþættingarverkefna, náms- og vettvangsferða, fjölbreyttra kennsluaðferða (s.s. einstaklings- og hópvinna, þrautalausnir, verklegar æfingar, umræður- og spurnaraðferð o.fl.) og fjölbreyttra vinnubragða (s.s. ritun, upplestur, hljóðfæraleikur, dans, leikur, leikrit, upplýsingatækni o.fl.). Afrakstur vinnu nemenda eru sýnilegur á námsveggjum skólans til að hvetja alla nemendur til dáða og veita þeim innblástur. Raddir nemenda, sbr. nemendalýðræði og valdefling, skipta máli í skólastarfinu, bæði í skipulagi náms og í félagslífi.

[30] starfsáætlun sama, bls.12,26-27

Áherslur Melaskóla í **sköpun** eru:

- *Vaxandi* hugarfar í stað fastmótaðs
- Það má gera mistök í námu því maður lærir af þeim og líður þá betur
- Gagnrýnin og skapandi hugsun
- Fjölbreyttar kennsluaðferðir og vinnubrögð
- Opið og sveigjanleg skipulag innan skólans
- Sköpun skiptir máli í öllu skólastarfinu en *verk- og listgreinar* gegna lykilhlutverki í því samhengi. Lögð er áhersla á samvinnu og skyldleika list- og verkgreina í námi og kennslu
- Virkja raddir nemenda í skólastarfinu
- Sköpunarhæfni og -gleði sem hjálpar nemendum að takst á við óræða framtíð
- Námsleikir skipta máli í öllum árgöngum skólans
- Lykilverkefni nemenda eru sýnileg á námsveggjum
- Þverfaglegir og árgangablandaðir þemadagar

Dæmi um skapandi samþættingarverkefni í Melaskóla:

- Ísland áður fyrr - verkefni á yngra stigi
- Húsdýraverkefni - verkefni á yngra stigi
- Fuglaverkefni - verkefni á yngra stigi
- Helgileikur og jólasveinavísur - verkefni á yngra stigi
- Skólaleikrit - verkefni elstu nemenda
- Vélræn högun og forritun legóþjarka fyrir þrautabraut - UT-verkefni á miðstigi
- Legó orkuver - náttúrufræðiverkefni fá miðstigi
- Lesið í skóginn - náttúrufræðiverkefni á miðstigi
- Náttúrustígur í fjörunni - náttúrufræðiverkefni á miðstigi
- SamTvinna: skapandi skil - verkefni í náttúrufræði
- Arkitektaverkefni - stærðfræðiverkefni á miðstigi
- Ferðaskrifstofa - landafræðiverkefni á miðstigi
- "Skókassaverkefni" - söguverkefni á miðstigi
- Nýsköpunarverkefni nemenda - textíl- og smíðaverkefni á miðstigi

2.2 Grunnþættir menntunar eftir árgangaáherslum Melaskóla

Í aðalnámskrá, 2. kafla, segir um grunnþættina:[31]

„Grunnþættirnir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það."

[31] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.16

Grunnþættir menntunar tengjast þannig öllu skólastarfinu, menntastefnu Melaskóla og taka mið af aldri og þroska nemenda. Grunnþættirnir skerpa markmið og áherslur skólans í viðleitni hans til að veita nemendum almenna menntun og alhliða þroska. Grunnþættir menntunar eru teknir saman í Melaskóla fyrir **1. og 2. bekk**, **3. og 4 bekk** og **5. - 7. bekk**. Þessi leið er farin annars vegar til að skerpa sýn og áherslur skólans á grunnþættina í daglegu starfi og mynda samfellu þeirra milli árganga, hins vegar til að auðvelda yfirsýn og hvetja til lifandi umræðu um þá lykilhæfni sem þeir fela í sér.

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 1. - 2. bekk

Læsi

- að nemendur verði læsir út frá kennslufræði *Byrjendalæsis*
- að nemendur geti tjáð sig fyrir framan bekk og innan verkefnahópa
- að nemendur lesi auðlesnar bækur á vandaðri íslensku og kynnist gæðatextum
- að nemendur æfi daglega virka hlustun á nestissögu
- að nemendur fái tíma fyrir yndislestur í hverri viku
- að nemendur þjálfi sig daglega heima í raddlestri og upplifi með því samvinnu heimilis og skóla
- að nemendur æfi sig reglulega heima í skrift (sbr. heimaskriftarbók) og upplifi með því samvinnu heimilis og skóla
- að nemendur nýti sér reglulega og kynnist þjónustu skólasafnsins

Sjálfbærni

- að nemendur læri að flokka rusl á einfaldan hátt
- að nemendur noti fjölnotaumbúðir undir nestið sitt
- að nemendur klári að borða matinn sinn í mötuneyti skólans og gangi vel frá eftir sig
- að nemendur gangi vel um heimastofuna sína, námsbækur og námsgögn skólans
- að nemendur gangi vel um fötin sín og skilji þau ekki eftir í reiðileysi úti eða inni
- að nemendur taki þátt í fjölbreyttu útinámi
- að nemendur átti sig á að hægt er að bæta sig í námi

Heilbrigði og velferð

- að nemendur læri um heilbrigði og velferð í öruggu skólaumhverfi, vel skipulögðu námi og af góðum samskiptum
- að nemendur borði hollan og góðan mat í skólamötuneytinu og komi með hollt nesti að heiman
- að nemendur fái byrjendafræðslu í helstu forvörnum skólans
- að nemendur stundi daglega hreyfingu og útiveru í skólanum með áherslu á skapandi leiki
- að nemendum líði vel í skólanum og mæti daglega til starfa glaðir og forvitnir
- að nemendur ræði um vellíðan sem eitt af gildum Melaskóla
- að nemendur noti tölvur í námslegum tilgangi í skólanum

Lýðræði og mannréttindi

- að nemendur upplifi lýðræði og mannréttindi í daglegu skólastarfi
- að nemendur geti unnið með öðrum í námi og leik
- að nemendur upplifi lýðræði og mannréttindi með þátttöku á bekkjarfundum
- að nemendur kynnist Barnasáttmálanum og geri bekkjarsáttmála
- að nemendur skynji að á þá sé hlustað og að þeir skipti máli
- að nemendur hlusti á skoðanir annarra, læri að sýna hógværð og tillitssemi

Jafnrétti

- að nemendur upplifi jafnrétti í daglegu skólastarfi og læri að taka leiðsögn um jafna rétt barna á jákvæðan hátt
- að nemendur upplifi að hvers kyns óréttlæti er ekki í boði, hvorki innan né utan skólans
- að nemendur hafi jöfn tækifæri til að stunda námið sitt í skólanum
- að nemendur læri að bera virðingu fyrir skólafélögum sínum

Sköpun

- að nemendur fái fjölbreyttar kennsluaðferðir í list- og verkgreinum og læri undirstöðu vinnubrögð
- að nemendur geri sér grein fyrir að menning okkar skiptir máli í sköpun
- að nemendur temji sér vaxandi hugarfar
- að virkja sköpunargleði nemenda í skólastarfinu, t.d. með söng, dans og leikrænni tjáningu
- að nemendur ræði um sköpunargleði sem eitt af gildum Melaskóla

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 3. - 4. bekk

Læsi

- að nemendur verði læsir út frá samþættingu allra þátta íslenskunnar (almennra og sértæka) í anda *Byrjendalæsis*
- að nemendur geti tjáð sig skýrt og áheyrilega fyrir framan bekk og innan verkefnahópa
- að nemendur temji sér umhverfislæsi í tengslum við náttúrufræðiverkefni og útinám
- að nemendur lesi vandaðar námsbækur, kynnist gæðatextum og tileinki sér aukinn orðaforða og lesskilning
- að nemendur æfi daglega virkra hlustun á nestissögu
- að nemendur fái tíma fyrir yndislestur í hverri viku
- að nemendur þjálfi sig daglega heima í raddlestri og upplifi með því samvinnu heimilis og skóla
- að nemendur æfi sig reglulega í skrift og ritun í atburðabók
- að nemendur noti stafræna miðla á einfaldan hátt í verkefnavinnu
- að nemendur nýti sér reglulega og kynnist þjónustu skólasafnsins

Sjálfbærni

- að nemendur læri að flokka rusl og tengja það endurvinnslu í náttúrunni
- að nemendur noti fjölnotaumbúðir undir nestið sitt og skilji markmiðið með því
- að nemendur vinni gegn matarsóun í mötuneyti skólans, fatasóun og sýni góða umgengni utan sem innan skólans
- að nemendur læri um „græn gildi“ með þátttöku í fjölbreyttu útinámi
- að nemendur gangi, hjóli í skólann eða noti almenningssamgöngur
- að nemendur átti sig á að hægt er að setja sér markmið til að bæta sig í námi

Heilbrigði og velferð

- að nemendur læri um heilbrigði og velferð í öruggu skólaumhverfi, vel skipulögðu námi og af góðum samskiptum
- að nemendur borði hollan og góðan mat í skólamötuneytinu, komi með hollt nesti að heiman og geri sér grein fyrir gildi hollra matvæla
- að nemendur læri um almennt hreinlæti og mikilvægi þess fyrir heilsuna
- að nemendur fái fræðslu í forvörnum skólans og geti tjáð sig um þær á bekkjarfundum
- að nemendur stundi daglega hreyfingu og útiveru í skólanum með áherslu á samvinnu og samstarf
- að nemendum líði vel í skólanum og mæti daglega til starfa glaðir og fróðleiksfúsir
- að nemendur geti tjáð sig um vellíðan sem eitt af gildum Melaskóla

Lýðræði og mannréttindi

- að nemendur upplifi lýðræði og mannréttindi í daglegu skólastarfi og geti tjáð sig á almennan hátt um merkingu hugtakanna
- að nemendur geti unnið með öðrum í skipulögðum námsverkefnum og í félagsstarfi
- að nemendur fái reynslu af lýðræði og mannréttindum með virkri þátttöku á bekkjarfundum
- að nemendur kynnist almennt réttindum sínum í gegnum Barnasáttmálann, geti rætt um réttindi, ábyrgð og geri bekkjarsáttmála
- að nemendur skynji að á þá sé hlustað og að þeir skipti máli í skólasamfélaginu
- að nemendur hlusti á og virði skoðanir annarra, komi fram af hógværð og tillitssemi

Jafnrétti

- að nemendur virði jafnan rétt allra í daglegu skólastarfi, geti tekið leiðsögn og tengt jafnrétti við mannréttindi
- að nemendur skilji að hvers kyns óréttlæti og mismunun er ekki í boði, innan sem utan skólans, og tengja það við Barnasáttmálann
- að nemendur hafi jöfn tækifæri til að stunda nám og geti tengt það við mannréttindi
- að nemendur beri virðingu fyrir skólafélögum sínum, starfsfólki skólans og umhverfi

Sköpun

- að nemendur fái fjölbreyttar kennsluaðferðir í list- og verkgreinum og læri fjölbreytt vinnubrögð
- að nemendur geri sér grein fyrir að menningarlæsi skiptir máli í lífi okkar
- að nemendur temji sér vaxandi hugarfar, gagnrýna og skapandi hugsun
- að virkja sköpunargleði nemenda innan sem utan skóla með söng, dans og leikrænni tjáningu
- að nemendur geti tjáð sig um sköpunargleði sem eitt af gildum Melaskóla

Tengsl grunnþátta menntunar við hæfni, markmið og áherslur í 5. - 7. bekk

Læsi

- að nemendur hafi tamið sér góða lestrarfærni og þjálfi í framhaldinu víðlæsi, s.s. skapandi læsi, tilfinningalæsi, upplýsingalæsi, myndlæsi og röklæsi
- að nemendur geti tjáð hugsanir sínar og rökstutt skoðanir fyrir framan bekk og innan verkefnahópa
- að nemendur temji sér umhverfislæsi í tengslum við náttúrufræðiverkefni og útinám
- að nemendur lesi vandaðar námsbækur, kynnist gæðatextum og tileinki sér sértækari orðaforða og dýpri lesskilning
- að nemendur æfi daglega virkra hlustun á nestissögu
- að nemendur fái tíma fyrir yndislestur í hverri viku
- að nemendur þjálfi sig daglega heima í hljóð- og raddlestri og taki þannig þátt í samvinnu heimilis og skóla
- að nemendur þjálfi vikulega stýrða ritun og yndisritun
- að nemendur noti á ábyrgan hátt stafræna miðla í upplýsingaöflun, verkefnagerð og verkefnaskilum
- að nemendur nýti sér með markvissum hætti þjónustu skólasafnsins sem upplýsinga- og samskiptamiðstöðvar

Sjálfbærni

- að nemendur flokki rusl, læri þverfaglega um endurvinnslu og hringrásir í náttúrunni
- að nemendur noti almennt fjölnotaumbúðir, utan sem innan skólans, og geti rökstutt hvers vegna
- að nemendur vinni almennt gegn matarsóun, fatasóun og sýni góða umgengni í hvívetna
- að nemendur tileinki sér „græn gildi“ (sbr. Grænu skrefin), taki þátt í fjölbreyttu útinámi, sýni náttúru og umhverfi umhyggju
- að nemendur gangi, hjóli eða noti almenningssamgöngur til að komast í skólann og geti útskýrt hvers vegna það skiptir máli
- að nemendur setji sér raunhæf markmið til að bæta námsárangur sinn

Heilbrigði og velferð

- að nemendur læri um heilbrigði og velferð í öruggu skólaumhverfi, vel skipulögðu námi og af góðum samskiptum
- að nemendur styrki vinatengsl, jákvæð samskipti og samvinnu milli bekkja, t.d. á þemadögum
- að nemendur borði hollan og góðan mat í skólamötuneytinu, komi með staðgott nesti að heiman og geti útskýrt hvað eru holl og óholl matvæli
- að nemendur læri þverfaglega um hreinlæti og mikilvægi þess fyrir góða heilsu
- að nemendur fái markvissa fræðslu í forvörnum skólans og geti rökrætt þær á bekkjarfundum
- að nemendur stundi markvissa hreyfingu og útiveru í skólanum og geri sér grein fyrir gildi þeirra fyrir heilbrigðan lífsstíl og jákvæða sjálfsmynd
- að nemendum líði vel í skólanum og mæti daglega til starfa glaðir og fróðleiksfúsir
- að nemendur geti rökrætt um vellíðan sem eitt af gildum Melaskóla

Lýðræði og mannréttindi

- að nemendur upplifi lýðræði og mannréttindi í daglegu skólastarfi og geti rökrætt gildi þeirra fyrir samfélagið
- að nemendur geti unnið saman í skipulögðum námsverkefnum og í félagsstarfi
- að nemendur upplifi lýðræði og mannréttindi með virkri þátttöku á bekkjarfundum
- að nemendur kynnist réttindum sínum, ábyrgð og skyldum í gegnum Barnasáttmálann og geri bekkjarsáttmála
- að nemendur skynji að á þá sé hlustað og að þeir geti breytt ákveðnum atriðum í skólastarfinu
- að nemendur hlusti á og virði skoðanir annarra, komi fram af hógværð og tillitssemi

Jafnrétti

- að nemendur virði jafnan rétt allra í daglegu skólastarfi, geti tekið leiðsögn, tengt jafnrétti við mannréttindi og aðra grunnþætti
- að nemendur skilji að hvers kyns mismunun er ekki í boði, innan sem utan skólans, og tengja það við greinar Barnasáttmálans
- að nemendur skilji og geti rætt um hugtökin jafnræði, forréttindi og mismunun
- að nemendur hafi jöfn tækifæri til að stunda nám og tengja það við mannréttindi
- að nemendur beri virðingu fyrir sjálfum sér, skólafélögum sínum, starfsfólki skólans og umhverfinu
- að nemendur fái þverfaglega kynja- og kynfræðslu

Sköpun

- að nemendur fái fjölbreyttar kennsluaðferðir í list- og verkgreinum og læri fjölbreytt vinnubrögð
- að nemendur geri sér grein fyrir að menningarlæsi skiptir miklu máli í list- og verkgreinum
- að nemendur skilji að sköpun er viðfangsefni allra námsgreina
- að nemendur temji sér vaxandi hugarfar, gagnrýna og skapandi hugsun

- að virkja sköpunargleði nemenda innan sem utan skóla með söng, dans og leikrænni tjáningu
- að nemendur geti rökrætt um sköpunargleði sem eitt af gildum Melaskóla

3. Markmið náms

Markmið og hlutverk Melaskóla er að mennta nemendur í samstarfi við skólasamfélagið. Melaskóli er menntastofnun þar sem nám og kennsla gegna lykilhlutverki. Markið náms og kennslu er að "*stuðla að alhliða þroska, velferð og þroska hvers og eins*" skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008, 2. gr. [32] Þetta markmið er bæði flókið og víðtækt. Melaskóli nálgast það í viðfangsefnum, vinnulagi nemenda og starfsháttum.

Stundaskrár nemenda í Melaskóli taka mið af viðmiðum aðalnámskrár í hlutfallslegi skipting tíma milli námsgreina: [33]

Námsgreinar - Námssvið	1.-4. bekkur	5. - 7. bekkur
	Heildartími í 1. - 4. bekk. Mínútur á viku	Heildartími í 5. - 7. bekk. Mínútur á viku
Íslenska, íslenska sem annað tungumál og íslenskt táknmál	1.120	680
Erlend tungumál; enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460
List- og verkgreinar	900	840
NÁTTÚRUGReinar	420	340
Skólaíþróttir	480	360
Samfélagsgreinar; TRÚARBRAGÐAFRÆÐI, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600
Stærðfræði	800	600
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160
Til ráðstöfunar /Val	300	160
Alls	4.800	4.200

Leiðsagnarnám er megin náms- og kennslufræði Melaskóla. Markmiðið er að efla námshæfni og glæða námsáhuga allra nemanda. Námshæfni byggir á að nemendur þekki styrk- og veikleika sína, þ.e. byggir á sjálfsskilningi þeirra. Hæfni er nemendamiðuð útfærsla á grunnþáttum menntunar og áhersluþáttum grunnskólalaga. Þekking, leikni og hæfni tengjast og byggja öll á grunnþáttum menntunar. Hæfni hefur þá sérstöðu að hún felur í sér bæði þekkingu, leikni og einnig siðvit.[34]

Melaskóli gerir grein fyrir hæfniviðmiðum, námsgögnum, kennsluaðferðum, vinnubrögðum og námsmati allra námsgreina , m.t.t. aldurs og þroska nemenda, á *greinasviði* skólanámskrár. Greinasviðið er aðgengilegt foreldrum í Minn Mentor og á heimasvæði Melaskóla á vef Reykjavíkurborgar (sjá bls.4,10) . Reynt er að gæta jafnvægis milli bók-, verk- og tækninám. Einnig eru námsgreinar samþættar til að aðferðafræði og verklag ólíkra námsgreina fái notið sín í stærri og fjölbreyttari verkefnum.

Melaskóli notar skólasóknarkerfi Reykjavíkurborgar um fjarvistir, veikindi og leyfi. Markmið skólans er að framfylgja lögum um skólaskyldu og viðhafa snemmtæka íhlutun vegna mögulegrar skólaforðunar hjá börnum. Umsjónarkennarar fylgjast með ástundun nemenda sinna daglega og senda mánaðarlega yfirlit um hana til foreldra. Foreldrar eru einnig hvattir til

[32] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls. 32
[33] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.52
[34] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.39

að fylgjast með mætingu barna sinna í Minn Mentor og/eða Mentor appinu.

Hlutverk kennara skólans, í samstarfi við skólasamfélagið, er að tryggja nemendum öruggt, friðsamlegt og þroskandi námsumhverfi þar sem þeim líður vel, rækta hæfileika og glæða áhugahvöt sína í náminu. Umsjónarkennarar starfa saman í árgangateymum, funda vikulega (sbr. árgangafundir undir stjórn árgangastjóra), samræma nám og kennslu og upplýsa foreldra um námsstöðu og námsframvindu nemenda.

Melaskóli tryggir nemendum sínum almenna menntun byggða á grunnþáttunum í skóla án aðgreiningar og mismununar. Fjölbreytileiki er því kjarni náms við skólann. Allir nemendur eiga jöfn eða jafngild tækifæri til náms og þátttöku í skólastarfinu á einstaklingsbundnum forsendum. Markmið skólans er jafnframt að búa nemendur undir frekara nám og atvinnuþátttöku (sjá neðar námsráðgjafi) með viðfangsefnum úr daglegu lífi innan allra námsgreina.

Melaskóli starfar eftir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem Réttindaskóli. Val á námsefni, náms- og kennsluaðferðum, verkefnum og vinnubrögðum tekur mið af fjölbreytileika og menningarlæsi nemenda.

Melaskóli fylgir móttökuáætlun Reykjavíkurborgar fyrir nýja nemendur með íslensku sem annað tungumál og stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf, sbr.: Heimurinn er hér (sjá bls.8, 14).[35] *Tungumálastefna* Melaskóla, þ.e. læsis- og málstefna, byggir á fjöltyngi, að tungumál sé auðlind þar sem íslenskan gegnir lykilhlutverki í daglegu skólastarfi, m.ö.o. íslenska er skólamál Melaskóla.

Regluleg aðkoma foreldra og aðstandenda að námi og kennslu skiptir Melaskóla miklu mál til að ná markmiðum sínum. Melaskóli hvetur bæði foreldra og nemendur til að fylgjast vel með námsframvindu í Minn Mentor sem er upplýsinga- og tölvukerfi skólans. Endurgjöf þeirra á skólastarfið (t.d. í gegnum nemenda- og foreldrafélagið, skólaráð, í nemenda- og foreldraviðtölum o.fl.) er skólanum mjög mikilvæg.

Kafli 11 í starfsáætlun Melaskóla fjallar um stoðþjónustu og sérúrræði.[36] Nemendur með sérþarfir, t.d. seinfærir, fá sérstakan stuðning í Melaskóla við úrvinnslu sinna mála. Bráðgerir nemendur fá einnig stuðning við sitt hæfi í verkefnum sem reyna á meiri hæfni og sterka áhugahvöt. Við Melaskóla starfar námsráðgjafi sem fræðir nemendur og foreldra þeirra m.a. um námið og nám að skólagöngu lokinni.[37]

Allt skólasamfélag Melaskóla ber ábyrgð á góðum skólabrag sem er, ásamt forvarnaráætlunum (sjá bls.40-45), besta vörnin gegn óæskilegri hegðun og slæmum samskiptum. Melaskóli leggur áherslu á *"námsaga og sjálfsaga nemenda, góða umgengni, jákvæð samskipti, sáttfýsi, umburðarlyndi og kurteisi ... að styrkja sjálfsmynd nemenda, efla sjálfsvirðingu þeirra og virðingu gagnvart öðrum, eigum annarra og umhverfinu."* [38]

[35] starfsáætlun sama, bls.28
[36] starfsáætlun sama, bls.27-33
[37] starfsáætlun sama, bls.28
[38] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.70

Tengsl Melaskóla við nærsamfélag sitt styrkir jafnframt skólabraginn. Samkvæmt aðalnámskrá á að birta í skólanámskrá hvernig þessum tengslum er háttað (sjá neðar bls.41-42).[39] Um það er einnig fjallað í starfsáætlun Melaskóla í kafla 14.[40]

4. Námsmat

Námsmat - almennt

Námsmat á að veita nemendum, foreldrum og aðstandendum, Melaskóla, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi nemenda.[41] Námsmat er þannig mörgum aðilum afar mikilvægt og því nauðsynlegt að það sé réttmætt og áreiðanlegt.[42] Það er bæði skólasamfélaginu og skólayfirvöldum nauðsynlegt til að skilja matsniðurstöður og námsstöðu nemenda á svipaðan hátt. Það er forsenda eftirlits, rökræðna, umbóta og jákvæðrar skólaþróunar. Megintilgangur almenns námsmats snýr þó ætíð að nemandanum sjálfum, menntun hans og velferð, sbr. endurgjöf í anda leiðsagnarnáms.

Melaskóli styðst við margs konar mat í innra starfi sínu, t.d.: greinandi mat, stöðumat, frammistöðu- og lokamat (sjá neðar). Almennt námsmats í Melaskóla grundvallast hins vegar á **leiðsagnarmati** [43] byggt á **hæfni** nemandans (sbr. hæfniviðmið aðalnámskrár). Leiðsagnarmat leiðbeinir og hvetur nemendur með skýrum viðmiðum um árangur og markvissri endurgjöf. Leiðsagnarnám hjálpar nemendum og örvar þá til að ná markmiðum, þ.e. **hæfniviðmiðum** námsgreina sem og almennri lykilhæfni á meðan á námi þeirra stendur.
Samkvæmt aðalnámskrá eru hæfniviðmið m.a. til grundvallar námsmati í öllum námsgreinum: *"Á grundvelli hæfniviðmiða eru kennsluhættir, kennsluaðferðir, námsgögn og námsmatsaðferðir valdar..."* [44] Hæfniviðmið fyrir 1. - 4. bekk lýsa *byrjendahæfni* og hæfniviðmið fyrir 5. - 7. bekk lýsa *hæfni fyrir lengra komna*.

Leiðsagnarmat, byggt á hæfni nemenda, nýtir sér fjölbreyttar matsaðferðir og matsgögn (sbr. kannanir, vettvangsathuganir, samræður, spurningar, sjálfsmat, jafningjamat o.fl.).
"Til að meta margs konar hæfni nemenda er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir, verkefni og viðfangsefni sem gefa sem heildastæðasta mynd af hæfni nemenda." [45] Matsaðferðir eiga að *"hæfa hæfniviðmiðum, endurspegla áherslur í kennslu og taka mið af nemendahópnum".* [46] Námsmat í Melaskóla er alhliða, þ.e. ekki eingöngu bundið prófum og mælingum.

Dæmi um fjölbreyttar *matsaðferðir* í Melaskóla eru: munnleg endurgjöf - símat (vinnuframlag, samvinna, frágangur, ástundun) - sjálfsmat (sbr. matsblöð) og jafningjamat - verkefni (einstaklingsverkefni, hópverkefni) - vinnubækur - próf/kannanir (heimapróf, munnleg próf,

[39] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.46
[40] starfsáætlun sama, bls.36-37
[41] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.54
[42] Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2006, bls.21,48
[43] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.57; breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Leiðsagnarmat
[44] breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17: Greinasvið - Kennsla, nám og námsmat
[45] breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Matsaðferðir og matsgögn
[46] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016,bls.28,55

gagnapróf, formleg próf), greinandi mat, stöðumat og lokamat. Mörg verkefni eru sett upp rafrænt í Classroom ("Skólastofan") og kostir Google Workspace nýttir í námsmati skólans. Leiðsagnarmat, byggt á hæfni nemenda, er *"reglubundinn þáttur í skólastarfi, órjúfanlegur frá námi og kennslu".* [47] Skólum ber t.d. að færa einkunnir nemenda og annan vitnisburð um skólagöngu þeirra reglulega til skráningar, ekki sjaldnar en árlega. Í Melaskóla fer námsmat fram jafnt og þétt á námstímanum í anda leiðsagnarnáms.

Námsmat Melaskóla, byggt á leiðsögn og hæfni, er: *hvetjandi, fjölbreytt, reglulegt, sanngjarnt, áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt, samræmt innan árganga og stiga.*[48] Það nær til námsþátta, þekkingar, leikni og hæfni. Kennarar innan árganga vinna saman í teymum að þessum markmiðum.

Eitt hlutverk námsmats í Melaskóla er að greina nemendur sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda og meta þá á þeirra forsendum (sjá neðar). Þetta nefnist *greinandi mat.* Dæmi um greinandi mat í Melaskóla eru: hreyfifærnipróf sem íþróttakennarar leggja fyrir, LOGOS (greiningarpróf á lesblindu og öðrum lestrarerfiðleikum), TOLD (málþroskapróf) o.fl.

Melaskóli styðst bæði við stöðluð próf og skimunarpróf til að meta stöðu nemenda. Þetta nefnist *stöðumat* til að kanna stöðu nemanda, t.d. í upphafi náms. Dæmi um stöðupróf í Melaskóla er: lesfimipróf, Lesskimun 1, Lesmál, Læsi, Talnalykill, Aston-Index (réttritunarpróf), Orðarún (lesskilningspróf), Milli mála o.fl.

Melaskóli styðst einnig við *framvindumat* og *lokamat* (sjá neðar).

Með leiðsagnar- og hæfnimati byggir Melaskóli á *alhliða mati* á nemendum sem eru jafnframt gerendur í matsferlinu.[49] Höfum hugfast: *"Námsmat er ekki markmið heldur leiðin að markmiðinu"* [50] sem er bættur námsárangur og velferð nemenda.

Námsmat - Mentor

Matskerfi Melaskóla fyrir 1. - 7. bekk grundvallast á hæfnieinkunnum sem birtar eru með tveimur **matskvörðum**. Annars vegar er notaður táknkvarði, hins vegar bókstafakvarði. Sá fyrrnefndi er notaður almennt yfir skólaárið í öllum árgöngum, hinn síðarnefndi er notaður í hæfnimati við lok 4. og 7. bekkjar.

[47] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.27,54; breyting á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Námsmat
[48] starfsáætlun sama, bls.22-23
[49] Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2006, bls.26,31,36-38
[50] Erna Ingibjörg Pálsdóttir, 2006, bls.119

Táknkvarðinn er með fjórum táknum ásamt lýsingu og tengist *stöðu- framvindumati* í námi:

Framúrskarandi:	Nemandi sem sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiði
Hæfni náð:	Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiði
Þarfnast þjálfunar:	Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði
Hæfni ekki náð:	Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiði (m.ö.o. *úrræða er þörf)*

Matskvarðinn er hugsaður þannig að hvar sem nemandinn er staddur innan hans þá geti hann bætt hæfni sína og námsárangur sinn. Þannig tengist táknkvarðinn *framvindumati*. Nemandi sem er t.d. framúrskarandi hefur þannig sýnt hæfni sem flokka má til næsta árgangs eða stigs. Nemandi sem ítrekað nær ekki námshæfni þarf sérstaka aðstoð til að ná námsmarkmiðum og einstaklingsmiðaða námskrá (sjá neðar).

Við lok yngsta stigs (þ.e. við lok 4. bekkjar) og við lok miðstigs (þ.e. við lok 7. bekkjar) fá nemendur Melaskóla útprentuð ***vitnisburðarskírteini***, þ.e. lokamat (s.n. hæfnimat/-einkunn) með þessum *bókstafakvarða*:

Vitnisburðarskírteinin byggja á námsárangri við lok 4. og 7. bekkja en einnig er haft til hliðsjónar námsárangurs fyrri ára innan stiganna. Melaskóli styðst því við *lokamat* sem er mat á árangri náms og kennslu í lok skólastiga [51] en ekki í öðrum árgöngum skólans. Þar er stuðst við framvindumat í anda leiðsagnarnáms.

Tengsl matskvarðanna, þ.e. bókstafa og tákna, eru þessi:

[51] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Námsmat

A		Framúrskarandi
B+ B		Hæfni náð
C+ C		Á góðri leið Þarfnast þjálfunar
D		Hæfni ekki náð

Matskerfið er hugsað þannig að meirihluti nemenda sé í flokknum *hæfni náð*, þ.e. B+ eða B. Sömu *matsviðmið* gilda fyrir báðar einkunnir en nemandi með einkunnina B+ er nær einkunnunni A, (þ.e. á góðri leið að *framúrskarandi hæfni*) en nemandi með B sem er með *hæfni náð*.
Sama á við með einkunnirnar C+ og C. Sömu *matsviðmið* gilda fyrir báðar einkunnir en nemandi með einkunnina C+ er nær einkunnunni B (þ.e. á góðri leið að *hæfni náð*) en nemandi með C sem *þarfnast þjálfunar* til að ná tilteknu hæfniviðmiði.

Einkunnin D, þ.e. *hæfni ekki náð*, lýsir stöðu nemenda sem þarf *einstaklingsmiðaða* námskrá.[52]
Þá er notaður þessi matskvarði með *stjörnumerktum bókstöfum*:

*A	Nemandi sýnir framúrskarandi hæfni í viðmiði.
*B+	Nemandi er á góðri leið við að ná framúrskarandi hæfni í viðmiði.
*B	Nemandi sýnir góða hæfni í viðmiði.
*C+	Nemandi er á góðri leið við að ná hæfni í viðmiði.
*C	Nemandi þarfnast þjálfunar í hæfniviðmiði.
*D	Nemandi hefur ekki náð hæfniviðmiði og úrræða er þörf.
*L	Nemandi hefur fengið þjálfun í hæfniviðmiði.
*G	Nemandi hefur ekki lokið hæfniviðmiði.

Í Melaskóla eru ***námslotur*** allra námsgreina settar kerfislega upp í Mentor til eins skólaárs í senn. Allt formlegt námsmat er tengt lotunum og safnast það upp jafnt og þétt á hæfnikorti nemenda eftir stigum, þ.e. yngsta stigs annars vegar og miðstigs hins vegar.
Í upphafi skólaárs eru námslotur stofnaðar fyrir alla sjö árganga skólans og allar námsgreinar. Námsloturnar eru alls 123 á þessu skólaári. Námsloturnar grundvallast á **aðalnámskrám**[53] með ***metanlegum hæfniviðmiðum.*** Námsloturnar Melaskóla endurspegla **greinasvið skólanámskrár**. Þær eru aðgengilegur foreldrum í Minn Mentor og á vef Reykjavíkurborgar, eins og áður hefur komið fram.

[52] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.55
[53] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kaflar 18-26

Fjölmörg ***matsverkefni*** eru skráð innan hverrar ***námslotu*** eftir því sem líður á skólaárið. Verkefnastaða nemenda er aðgengileg forsjáraðilum á Minn Mentor/Mentor appinu, bæði á ***verkefna-og námslotuflís.*** Sjálft námsmatið er þeim síðan aðgengilegt á **hæfnikorti,** þ.e. á ***námsmatsflís*** nemandans.
Hæfnikort og námskrár eru tvær hliðar sama penings, m.ö.o. hæfnikort nemanda birtir allar námskrár skólans með metnum sem ómetnum hæfniviðmiðum námsgreina. Allt formlegt námsmat byggir á skilgreindum matsverkefnum í námslotum.

Námsmatskerfi Melaskóla í Mentor byggir á *námslotum* með metanlegum hæfniviðmiðum og skilgreindum *matsverkefnum,* þ.e. með lýsingum, matskvörðum, matsviðmiðum (sbr, árangursviðmið), völdum hæfniviðmiðum (sbr. námsmarkmið) og matsgögnum í öllum námsgreinum árganga.
Leiðsagnarmat er aðferð Melaskóla til að styrkja námshæfni, námshvöt og námsaðlögun nemandans með markvissri *endurgjöf*. Námsmat er, eins og áður sagði, reglulegur og eðlilegur þáttur í skólastarfinu og matsaðferðir fjölbreyttar, í takt við hæfniviðmið, kennsluáherslur og taka mið af nemendahópnum.

Matsviðmið einstakra matsverkefna grundvallast á hæfniviðmiðum námslota skólans. Matsviðmið eru nánari *lýsingar* á því hversu vel nemendur hafa skilgreinda hæfni, þ.e. ákveðin hæfniviðmið, á valdi sínu. Til eru skilgreind matsviðmið fyrir 4. og 7. bekk í öllum námsgreinum með matskvarðann A - C. Melaskóli nýtir sér þessi matsviðmið en setur sín ***eigin*** fyrir matsverkefni annarra árganga.[54] Þau matsviðmið eru ýmist settar fram með *fjögurra tákna kvarða* skólans*, bókstafakvarða* (A-D) eða *tölustafakvarða* (1 - 10), allt eftir eðli matsverkefna. ***Umsagnir*** og ***skýringar*** fylgja iðulega námsmatinu í Mentor, t.d. alltaf ef nemandi fær *hæfni ekki náð (D eða 0-3)*.
Melaskóli styðst við eftirfarandi atriði til að tryggja gæði, þ.e. áreiðanleika og réttmæti námsmats: [55]

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna

Viðmið fyrir lykilhæfni, þ.e. hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum, eru sameiginleg öllum námssviðum og eru þessi skv. aðalnámskrá: [56]

- **Tjáning og miðlun** - þar sem nemendur þjálfa hæfni sína í að miðla verkefnum og viðfangsefnum á fjölbreyttan hátt og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega, tjá hugsanir sínar og skoðanir á sem fjölbreyttastan hátt og taka þátt í samræðum og rökræðum.
-

[54] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Námsmat, Matsaðferðir og matsgögn
[55] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Námsmat
[56] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.56; breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.1: Lykilhæfni og grunnþættir menntunar, Kafli 18: Lykilhæfni

- **Skapandi og gagnrýnin hugsun** - þar sem nemendur þjálfa hæfni sína í að spyrja gagnrýninna spurninga og nýta gagnrýna hugsun, draga ályktanir og beita röksemdafærslu.
- **Sjálfstæði og samvinna** - þar sem nemendur þjálfa hæfni sína í að vinna sjálfstætt og í samstarfi við aðra á ábyrgan og lýðræðislegan hátt, taka á móti leiðsögn og gagnrýni og vinna með á uppbyggjandi hátt.
- **Nýting miðla og upplýsinga** - þar sem nemendur þjálfa hæfni sína í að vinna með áreiðanleika upplýsinga, ábyrgð í upplýsingaöflun og miðlun, greina heimildir ólíkra miðla, sýna siðferðilega ábyrgð og beita gagnrýnni hugsun.
- **Ábyrgð og mat á eigin námi** - þar sem nemendur þjálfa hæfni sína með ábyrgð og sjálfsþekkingu gagnvart eigin námi og námsáhuga, vinnubrögðum, frammistöðu og markmiðasetningu að leiðarljósi og getu til að leggja raunhæft mat á vinnu sína og árangur.

Melaskóli leggur áherslu á þessi lykilhæfniviðmið í öllum árgöngum og tengir þau við skilgreind matsverkefni og grunnþætti menntunar. Einkunn í lykilhæfni er ekki birt í vitnisburði við lok 4. og 7. bekkjar í Melaskóla. [57]

Allar námslotur, matsverkefni og námsmat eru birt í Mentor og eru aðgengileg nemendum, foreldrum og aðstandendum á viðeigandi "*flísum*" í Minn Mentor/Mentor appinu. Auk þess birtist *vikuáætlun* kennara á *Dagatalsflísinni* og á flísinni *Upplýsingaveita/Fréttir* það sem kennarar skrá að er framundan í námsvikunni. Nemendur og foreldrar eru hvattir til að fylgjast vel og reglulega með námsframvindu nemenda í Minn Mentor/Mentor appinu. Námsárangur og velfarnaður nemenda er samvinnuverkefni heimila og skóla.

Námsmat Melaskóla er kynnt foreldrum á ***hópfundi*** að hausti (sbr. *námskynningar*). Nemendum er ætíð kynnt námsmat innan hverrar námslotu áður en formleg matsverkefni eru lögð fyrir. Kennarar fara yfir niðurstöður námsmats með nemendum þannig að endurgjöfin nýtist nemendum í náminu og kennurum til að ígrunda og bæta kennsluna. [58] Í nemenda- og foreldraviðtölum, tvisvar á skólaári, er m.a. farið yfir námsstöðu nemenda út frá hæfnikorti hans í Mentor og námsmarkmið rædd.

5. Innra mat á árangri og gæðum

Samkvæmt 36. gr. grunnskólalaga (91/2008) metur hver grunnskóli *"með kerfisbundnum hætti árangur og gæði skólastarfs á grundvelli 35. gr. með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á."* Markmið innra mats er skv. 35. gr. laganna fernskonar:

a. veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemenda,

b. tryggja að starfsemi skóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla,

[57] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17: Greinasvið - Kennsla, nám og námsmat; Kafli 18: Lykilhæfni
[58] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17: Leiðsagnarmat

c. auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum,

d. tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á samkvæmt lögum.

Melaskóli birtir opinberlega á vef Reykjavíkurborgar upplýsingar um innra mat sitt, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um umbætur. Umbótaáætlun er einnig að finna í starfsáætlun skólans. [59]

Mat á starfsemi grunnskóla er tvíþætt: ***innra mat*** skólans sjálfs og ***ytra mat*** sveitarfélagsins, menntamálaráðuneytis eða annarra aðila.[60] Bæði mötin vinna saman og innra mat skóla er eitt af þremur aðalviðfangsefnum ytra matsins.[61] Ytra mati er ætlað að styðja við og efla innra mat og skólaþróun þar með. Ytra mat var gert á Melaskóla árið 2019. Metið var nám og kennsla við skólann, þ.e. einn af þremur þáttum skólastarfsins skv. innra mati..

Markmið kerfisbundins innra mats er að bæta gæði og árangur skólastarfsins og þar með nám og velferð nemenda.[62] Innra mat Melaskóla byggir á námskrá og starfsáætlun skólans. Viðfangsefni matsins eru allir þættir skólastarfsins sem ytra mat byggir á: *stjórnun og forysta*, *nám og kennsla* ásamt *innra mati*. Innra mat Melaskóla er í sífelldri þróun í takt við skólastarfið og skólaþróun.

Margvísleg gögn innan skólaársins liggja til grundvallar matinu, þau eru greind m.t.t. til styrkleikaþátta og áætlun tekin saman um umbætur að höfðu samráði við hagsmunaaðila og skólaráð. *Umbótaáætlunin* fyrir hvert skólaár er birt í skólanámskrá og starfsáætlun skólans, [63] *langtímaáætlun* og *matsáætlun* til skemmri tíma má sjá hér neðar.

Innra matsteymi Melaskóla, undir forystu skólastjórnenda, sér um skipulag matsins til lengri og skemmri tíma. Gagna er aflað með bæði eigindlegum og megindlegum aðferðum, þau greind og rædd út frá markmiðum skólans, t.d. á teymisfundum, árgangafundum, stigsfundum, kennarafundum, starfsmannafundum, stjórnendafundum, foreldraráðs- og skólaráðsfundum.

Melaskóli aflar gagna um skólastarfið með fjölbreyttum og markvissum hætti, t.d. greiningu á fyrirliggjandi innri gögnum sbr. námsmat nemenda, skólasókn, fundargerðir, árgangaskýrslur, skólanámskrá, starfsáætlun, vettvangsathuganir kennara (jafningjamat) og stjórnenda, kannanir, viðtöl og gátlistar Reykjavíkurborgar.
Þá eru niðurstöður úr starfsþróunarsamtölum, hópfundi með foreldrum, nemenda- og foreldraviðtölum nýttar í innra mati Melaskóla.

Melaskóli styðst einnig við eftirfarandi ytri gögn og kannanir í innra mati sínu: kannanir á líðan nemenda, Skólapúlsinn, Íslenska æskulýðsrannsóknin, Könnun á viðhorfi foreldra, Stofnun ársins, Rannsóknir og greining, Lesferill, Lesskimun 1, Lesmál og Milli mála.

Melaskóli styðst við matskvarða SFS, sem byggir á *skólaprófíl* ytra mats, sem viðmið um árangur og gæði í skólastarfinu.[64]

[59] starfsáætlun sama, bls.34-36
[60] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.60-62
[61] Gæðastarf í grunnskólum - Viðmið og framkvæmd ytra mats grunnskóla, 2019, bls.5
[62] Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla, 2016, bls.4
[63] starfsáætlun sama, bls.33-34
[64] Gæðastarf í grunnskólum - Viðmið og framkvæmd ytra mats grunnskóla, 2019, bls.29

6. Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Í starfsáætlun er fjallaðu um umbótaáætlun Melaskóla fyrir skólaárið 2025-2026.[65] Áherslan er á líðan nemenda og starfsfólks, verklagsreglur, áætlanir og stjórnun. Eins og áður sagði þá er innra mat Melaskóla í sífelldri þróun og í takt við síbreytilegt skólastarf og skólaþróun. Skólaþróun snýst um umbætur með farsæld nemenda að leiðarljósi.

Melaskóli er í þróunarsamstarfi við Granda- og Vesturbæjarskóla um læsi og sameiginlega lestrarstefnu eins og áður hefur komið fram.[66]

Helstu áherslur Melaskóla í þróunarstarfi, í kjölfar starfsþróunarsamtala, eru:
"... á námsmat og hæfniviðmið, endurskoðun skólanámskrár, leiðsagnarnám, lestur og lesskilning. Samhliða því er unnið út frá Menntastefnu Reykjavíkur með mikilvæga þætti skólastarfsins." [67]
Áherslurnar kallast á við sameiginlega *starfsþróunaráætlun* skólans.

Matsteymi.[68]

Innra mati skólans er stjórnað af *matsteymi* í samráði við skólastjóra. Í því sitja tveir skólastjórnendur og einn fulltrúi kennara af báðum stigum. Stefnt er á að fleiri bætist í matsteymið á næstu árum, t.d. fulltrúi starfsmanna, tveir fulltrúar nemenda og tveir fulltrúar foreldra. Hvert matsteymi situr í tvö ár og fulltrúar í teyminu skipta með sér verkum. Matsteymið stjórnar innra matinu, gerir matsáætlanir, greinargerðir og umbótaáætlanir og sér um að kynna og virkjar aðra með sér í matinu.

Metið er út frá markmiðum og stefnu skólans. Notuð eru viðmið um gæði náms og kennslu út frá gátlistum og mælikvörðum SFS og einnig er stuðst við *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat á grunnskólum (2022).* Margir mælikvarðar byggja á niðurstöðum ytri kannana og skimana.

Langtímaáætlun Melaskóla: Innra mat [69]

Þættir/Kaflar/Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Nám og kennsla:				
Inntak, árangur og framfarir.	X	X	X	X
Skipulag náms og námsumhverfi.	X	X	X	X
Kennsluhættir og gæði kennslu.	X	X	X	X
Námshættir og námsvitund.		X		X
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og	X	X	X	

[65] starfsáætlun sama, bls.33-34
[66] starfsáætlun sama, bls.36
[67] starfsáætlun sama, bls.19
[68] Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla, bls.27-29
[69] Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla, viðauki bls.27

ábyrgð nemenda.				
Skóli án aðgreiningar.		X		X
Mannauður:				
Fagmennska starfsfólks.		X		X
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	X	X	X	
Stjórnun og skipulag:				
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.	X	X	X	
Stjórnun grunnskólans.		X		X
Faglegt samstarf.		X		X
Skólaþróun.	X	X	X	
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	X	X	X	X
Skólabragur:				
Viðmót og menning.		X		X
Velferð og líðan nemenda.	X	X	X	
Samstarf heimila og skóla.		X		X
Innra mat:				
Framkvæmd innra mats.	X	X	X	X
Umbótastarf í kjölfar innra mats.	X	X	X	X

Gagnaöflun

Greining á árangri og fyrirliggjandi gögnum:

- Árangur og framfarir í *íslensku* og *stærðfræði* í öllum árgöngum með greiningu á námsárangri
- Árangur og framfarir í *lestri*, t.d. með lesskimunum, lesfimiprófum og lesskilningsprófum
- Árangur í *talnalykli* og *matsverkefnum* árganga í stærðfræði
- Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun og innra mat eru m.a. metin eftir innri gögnum og gátlistum árlega

Skoðanir og álit hagsmunaaðila:

- Matsteymi ber saman niðurstöður opinberra kannanna og skimana við umbótaþætti í Melaskóla
- Árlegar kannanir til nemenda í 4.-7. bekk (sbr. *Sjálfsmat* í Mentor) þar sem spurt er m.a. um líðan í skólanum, bekkjarbrag, skólabrag og tengsl við starfsfólk. *Broskallakannanir* í 1.-4. bekk árlega þar sem spurt er um sömu þætti á einfaldari hátt
- Bekkjarfundir og tengslakannanir í öllum árgöngum árlega
- Foreldraviðtöl, spurt um viðfangsefni mats
- Starfsmannasamtöl, spurt um viðfangsefni innra mats
- Markviss samræða um viðfangsefni mats á föstum fundum í starfinu
- Fundir skólaráðs og foreldrafélagsins nýttir til að fá álit á skilgreindum matsþáttum

Vettvangsathuganir:

- Kennarar, stjórnendur og aðrar fagstéttir innan skólans rannsaka eigið starf / jafningjamat.
  Starfsfólk velur eitt viðfangsefni á ári tengt innra mati skólans.
  Valið er á matsfundum á hverju vori út frá fyrirhuguðum viðfangsefnum næsta skólaárs samkvæmt matsáætlun.
- Stjórnendur fylgjast reglulega með námi út frá viðfangsefnum innra mats.

  Greining á gögnum innra mats fer að stórum hluta til fram á föstum matsteymisfundum þar sem farið er yfir niðurstöður, þær ræddar og bornar saman við viðmið.

Matskvarði [70]

Þegar gögn eru greind út frá viðmiðunum um gæði í námi og kennslu er eftirfarandi kvarði notaður. Allir þættir sem lenda í rauðum og gulum lit þarfnast umbóta.

Heildarstig undirkafla	Litur	Lýsing á starfi
3,6 – 4		Mjög gott verklag sem samræmist fyllilega lýsingu um gæðastarf. Flestir eða allir þættir sterkir.
2,6 – 3,5		Gott verklag, margir þættir í samræmi við lýsingu á gæðastarfi en möguleikar á umbótum. Fleiri styrkleikar en veikleikar.
1,6 – 2,5		Uppfyllir viðmið um gæðastarf að mörgu leyti, einhverjir mikilvægir þættir sem þarfnast úrbóta. Fleiri veikleikar en styrkleikar.
1,0 – 1,5		Óviðunandi verklag, uppfyllir ekki viðmið um gæðastarf í mörgum mikilvægum þáttum. Mikil þörf á umbótum á flestum eða öllum þáttum.

Árlega greinargerð um innra mat má finna á heimasíðu skólans á vef Reykjavíkurborgar undir hlekknum: *Greinargerð / innra mat.*

[70] Gæðastarf í grunnskólum - Viðmið og framkvæmd ytra mats grunnskóla, bls.29

Matsáætlun Melaskóla 2025-2026: Innra mat [71]

Viðfangsefni	Markmið	Viðmið	Gagnöflun	Tímarammi	Ábyrgðaraðilar
Nám og kennsla:					
Inntak, árangur og framfarir.	* fyrirmyndarkennslustund, * aukin leshæfni, * samræma námsmat í stærðfræði	* *sbr. gátlista* um leiðsagnarnám, *ná UV úr 25% í 15%, * skilgreind matsverkefni í öllum árgöngum í stærðfræði	* jafningjamat og vettvangsathuganir, * lesfiminiðurstöður, * námslotur í Mentor: Verkefni	* febrúar og maí 2026, * maí 2026, * maí 2026	* stjórnandi, árgangastjórar, * stjórnandi og foreldrar, * deildarstjóri fagstarfs
Skipulag náms og námsumhverfi.	* skilgreindar námslotur fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum	* alls 123 námslotur uppsettar	* Námslotur í Mentor	* september 2025	* deildarstjóri fagstarfs
Kennsluhættir og gæði kennslu.	* innleiðing leiðsagnarnáms	* þróunaráætlun Nönnu Kristínar: 1. - 3 tímabil	* starfs-, skólaþróunar- og árgangafundir	* skólaárið	* stjórnendur, árgangastjórar
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.	* tengslakannanir í öllum árgöngum: félagsstaða nemenda könnuð	* skv. viðmiðunum könnunarinnar	* Sjálfsmatskannanir og opinberar ytri kannanir	* október og janúar 2026 (viðtöl) og júní	* stjórnendur
Mannauður					
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	* efla starfsmannafélag skólans og nota starfsmannafundi markvisst til að efla starfsandann, * benda starfsfólki reglulega á starfsþróunarmöguleika, * gera samskiptasáttmála og tala um heilbrigð samskipti, * bjóða upp á viðunandi vinnurými fyrir starfsfólk, * bæta starfsaðstæður starfsfólks	* sbr. Stofnun ársins 4.14, * sbr. Stofnun ársins 3.80, * sbr. Stofnun ársins 3.88, * sbr. Stofnun ársins 3.39, *sbr. Stofnun ársins 3.72	* Stofnun ársins og fundargerðir, * Stofnun ársins og fundargerðir, * Stofnun ársins og samskiptasáttmáli, * Stofnun ársins og fjárhagsáætlun, * Stofnun ársins og	* skólaárið, * skólaárið, * desember 2025, * skólaárið, * skólaárið	* stjórnendur og starfsmannafélagið, * stjórnendur, * stjórnendur, * stjórnendur, * stjórnendur

[71] Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla, viðauki bls.30

			fjárhags-áætlun		
Stjórnun og skipulag:					
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.	* efla faglega forystu stjórnenda skólans	* sbr. viðmið um ytra mat	*starfsþróun-arsamtöl og opinberar ytri kannanir	* apríl - júní 2026	* stjórnendur
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur.	* fara yfir eineltis-áætlun og athuga endurskoðun, * skólareglur verði sýnilegar og að nemendur komi að þeirri vinnu, * birta opinberlega endurskoðaða starfsáætlun og nýja skólanámskrá	* gátlisti vegna eineltis, * að almenn sátt (>80%) sé um skóla-reglurnar, * að Skólaráð samþykki bárðar stefnu-skrárnar	* opinberar ytri kannanir, * sbr. viðtöl við valda aðila innan skóla-samfélagsins, * birting á vef Reykjavíkur-borgar	* skólaárið, * nóvember 2025, * desember 2025	* stjórnendur og deildarstjóri stoðþjónustu, * stjórnendur og nemendaráð, * stjórnendur og skólaráð
Skólabragur:					
Velferð og líðan nemenda.	* leggja áherslu á tengslamyndun kennara við nemendur, * leggja áherslu á tengslamyndun starfsfólks við nemendur	* sbr. stöðluð viðmið opin-berra kann-anna, * sbr. stöðluð viðmið opin-berra kann-anna,	* opinberar ytri kannanir (Skólapúls-inn), * opinberar ytri kannanir (Íslenska æskulýðs-rannsóknin)	* júní 2026, * júní 2026	* stjórnendur og árgangastjórar, * stjórnendur, valdir starfs-menn og nemendur
Innra mat:					
Skipulag og fram-kvæmd innra mats.	* að komast af 1. stigi yfir á 2. stig í innra mati	* sbr. Leiðbein-ingar um innra mat grunn-skóla, bls.23	* sbr. umbótaáætl-un skólans	* skólaárið	* *matsteymi* skólans

Umbótaáætlun Melaskóla 2025-2026 (sbr. matsáætlun)

Umbótaáætlun Melaskóla byggir á niðurstöðum úr könnunum, námsárangri og viðtölum. Til hliðsjónar er staðlað Form umbótaáætlunar, rafrænir gátlistar menntastefnu Reykjavíkurborgar og *Viðmið um gæði í skólastarfi fyrir ytra mat* (2022).

Matsteymi Melaskóla (sjá ofar) sá um gerð umbótaáætlunarinnar og áherslur í henni. Umbótaáætlunin tekur til skólaársins 2025-2026.

Nám og kennsla							
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Inntak, árangur og framfarir.	* auka *leshæfni*, * samræma náms-mat í *stærðfræði*	* lesfiminiðurstöður UV skimaðar og stuðningur skilgreindur, * farið yfir matsverkefnin í námslotum í Mentor	* stjórnendur og foreldrar, * deildarstjóri fagstarfs	* janúar og maí 2025, * janúar og maí 2026	* febrúar og júní 2026, * febrúar og júní 2026	* úttekt úr Skólagátt og Mentor * úttekt úr námslotum í Mentor	*ná UV úr 25% í 15%, * matsverkefni allra árganga í stærðfræði sem standast viðmið um samræmingu
Skipulag náms og náms-umhverfi.	* skilgreindar námslotur til staðar fyrir allar námsgreinar í öllum árgöngum, * fyrirmyndar-kennslustund	* setja upp skilgreindar námslotur í Mentor, * bæta og samræma gæði í námi og kennslu skv. leiðsagnarnámi	* deildarstjóri fagstarfs, * stjórnendur, árgangastjórar	* ágúst, * desember og maí 2026	* desember, * 15. desem-ber 2025 og maílok 2026	* úttekt úr Mentor, * jafningjamat og vettvangsathuganir	* alls 123 námslotur skólans samþykktar og komnar á vef R.vík, * *gátlisti*: sbr. leiðsagnar-nám
Kennsluhættir og gæði kennslu.	* innleiðing leiðsagnarnáms	* starfs-, skóla-þróunar- og árgangafundir: áætlun Nönnu Kristínar 1.-3. tímabil	* stjórnendur, árgangastjórar	* skólaárið	* júní 2026	* rafræn könnun í Forms	*að kennarar hafi innleitt námsmenn-ingu leiðsagnarnáms, eflt skilning nem-enda á eigin námi, styrkt samræður og tengsl við náms-félaga
Lýðræðisleg vinnubrögð, þátttaka og ábyrgð nemenda.	* bæta félagslega stöðu nemenda	* styðja nemendur með veika félagsstöðu	* stjórnendur	* október 2025 og janúar 2026 (í við-tölum)	* október-lok 2025 og janúarlok 2026	* unnið úr niðurstöðum innri og ytri kannanna og viðtala	Skv matskvörðum innri og ytri kannana

Mannauður							
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Starfsánægja, líðan og aðbúnaður á vinnustað.	* efla starfsmanna-félag skólans og efla starfsandann, *efla starfsþróun starfsmanna, * bæta alhliða samskipti, * bjóða upp á viðunandi vinnu-rými fyrir starfs-fólk á miðstigi, og bæta þannig starfsaðstæður	* fjölga í félaginu, dreifa álagi og nota starfsmannafundi markvisst til að efla starfsandann, *benda starfsfólki reglulega á starfs-þróunarmöguleika á sameiginlegum fundum, * gera *samskipta-sáttmála* * nýta stofu N-1 sem vinnurými kennara á miðstigi	* stjórnendur og starfs-mannafélagið, * stjórnendur, * stjórnendur, * stjórnendur,	* september, * skólaárið, * desember 2025, * janúar - maí 2026,	* júní 2026, * júní 2026, * maí 2026 * nóvember 2025	* skv. *Stofnun ársins,* metið út frá lögum *félagsins* og fundargerðum, * skv. leiðsagna-námsfundi í skól-anum, drögum skólastjóra að *starfsþróunar-áætlun* næsta skólaárs og *Stofnun ársins*, * skv. *fundum* og *viðtölum* við kennara, * könnuni Forms meðal starfsfólks	* Stofnun ársins: 4,14 og eigin könnun, * Stofnun ársins: 3,80 og viðmið fengin úr starfsmannavið-tölum, * Stofnun ársins: 3,88 og viðmið fengin úr samskiptasáttmála, * Stofnun ársins: 3,39 - 3,72 og eigin könnun

Stjórnun og skipulag							
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi.	* efla faglega forystu stjórnenda skólans	* koma *innra mati í* gang og undirbúa vel starfsþróunar-samtöl m.t.t. þessa þáttar	* stjórnendur	* október 2025 og apríl 2026	* maílok 2026	* niðurstöður úr *starfsþróunar-samtölunum*	* sbr. gátlista Reykjavíkurborgar um innra mat og viðmið í *starfs-þróunarsamtölum*
Skóladagur nemenda, skólanámskrá, starfsáætlun, *áætlanir og verklags-reglur.*	* fara yfir eineltis-áætlun og endur-skoða, * skólareglur verði sýnilegar og að nemendur komi að þessari vinnu, * endurskoðaða starfsáætlun og nýja skólanámskrá og gera þær sýnilegar	* nýta niðurstöður Skólapúlsins til aðgerða, * taka *viðtöl* við valda aðila innan skólasamfélagsins, * klára endurskoð-unina og birta stefnumótunina á vef Reykjavíkur-borgar	* stjórnendur og deildarstjóri stoðþjónustu, * stjórnendur og nemendaráð, * stjórnendur og skólaráð	* maí 2026, * nóvember 2025, * ágúst 2026	* júní 2026, * desember 2025, * desember 2025	* stoðþjónusta ræðir við gerendur og þolendur eineltis, * funda með völdum aðilum skólasamfélagsins, * út frá fundargerð Skólaráðs	* útrýma einelti í Melaskóla, * að almenn sátt (>80%) sé um skóla reglurnar, * að Skólaráð samþykki bárðar stefnuskrárnar með a.m.k. 90% greiddra atkvæða

Skólabragur							
Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Velferð og líðan nem-enda.	* leggja áherslu á tengslamyndun kennara við nem-endur, * leggja áherslu á tengslamyndun starfsfólks við nemendur	* funda með kennurum og gera aðgerðaáætlun, * funda með starfsfólki og gera aðgerðaáætlun	* stjórnendur og árganga-stjórar og nemendur, *stjórnendur, valdir starfs-menn og nem-endur	* desember 2025, * desember 2025	* maí 2026, * maí 2026	* skv. aðgerða-áætlun, * skv. aðgerða-áætlun,	* skv. viðmið opinberra kannanna (*Skólapúlsinn)* * skv. viðmið opinberra kannanna (*Íslenska æskulýðsrannsók-nin)*

Innra mat							
Áhersluþættir	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið?	Viðmið um árangur
Skipulag og framkvæmd innra mats.	* að komast af 1. stigi yfir á 2. stig í þróun á innra mati	* fylgja innra mati og umbótaáætlun skólans	* *matsteymi* skólans	* október 2025	* júní 2026	* sbr. Gátlisti fyrir starfsstaði SFS - Innra mat og *Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla*	* sbr. *matskvarða* Gátlista fyrir starfsstaði SFS - Innra mat

7. Samstarf heimila og skóla, upplýsingamiðlun

"*Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla*" [72] segir í aðalnámskrá. Markmið Melaskóla er að auðvelda foreldrum aðkomu að námi og starfi barna sinna í skólanum.[73] Þar gegna skólastjórendur og umsjónarkennarar lykilatriði sem tengiliðir skólans við heimilin.

Foreldrafélag Melaskóla gegnir einnig veigamiklu hlutverki í þessu samhengi:

"Hlutverk foreldrafélagsins er að styðja skólastarfið, stuðla að velferð nemenda og efla tengsl heimila og skóla ... efla og huga að samvinnu foreldra og starfsfólks skólans og koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skólann, menntun og uppeldismál barna." [74]

Gott samstarf heimila og skóla skilar öllum nemendum ávinningi: [75]

- Auknum áhuga og vellíðan nemenda í skóla
- Betri skilum á heimavinnu, betri ástundun og auknum námsárangri
- Minna brottfalli og hefur mikið forvarnargildi
- Jákvæðara viðhorfi nemenda sem skilar auknu sjálfstrausti og betri sjálfsmynd nemenda

Upplýsingamiðlun milli heimila og Melaskóla er í gegnum tölvupóst, Mentor, vef Reykjavíkurborgar, síma og fundi. Foreldrar og nemendur hafa aðgang að Minn Mentor/Mentor app sem eru samskipta- og upplýsingakerfi Melaskóla um nám og kennslu. Þar geta heimilin einnig fylgst með skólasókn nemenda og tilkynnt um veikindi og leyfi nemenda.

Nemenda- og foreldrarfundir eru haldnir tvisvar á hverju skólaári í Melaskóla, yfirleitt í október og febrúar. Þeir eru mikilvægir í upplýsingamiðlun milli heimila og skóla.

Hópfundir með foreldrum í ágúst er einnig mikilvægur í upplýsingamiðlun milli heimila og skóla. Skólastjórnendur upplýsa foreldra um helstu áherslur í starfinu framundan. Síðan upplýsa kennarar nemendur sína og foreldra þeirra um námið framundan (sbr. *námskynningar*).

[72] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.71
[73] starfsáætlun sama, bls.21, aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.72
[74] starfsáætlun samals.38-41
[75] starfsáætlun sama, bls.38; aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.72

8. Samstarf við leikskóla og framhaldsskóla, móttöku- og tilfærsluáætlun

Samstarf Melaskóla við önnur skólastig felst í:

- *Samstarfsáætlun* um mál og læsi við leikskólana Hagaborg, Mýri, Sæborg og Vesturborg
- *Tengslaverkefni* Melaskóla við alla leikskóla um samfellu og aukin skilning milli skólastiga til að auðvelda börnum tilfærslu milli þeirra. Tryggja góða upplýsingamiðlun og að ekki verði rof í menntun nemenda
- Sameiginlegt *þróunarverkefni* með grunnskólum hverfisins um læsi og lestrarstefnu
- *Vesturbæjarfléttan*, samstarfsverkefni með öllum starfsstöðum SFS í hverfinu
- *Samstarf* Melaskóla og Hagaskóla um færsæla tilfærslu nemenda á milli skólastiga

Í starfsáætlun segir um **tilfærsluáætlanir**: [76]

"*Nemendur Melaskóla flytjast yfir í Hagaskóla þegar þeir fara í 8. bekk. Haldnir eru samráðs- og skilafundir með foreldrum, kennurum og stuðningsaðilum. Unnið er að því að undirbúa komu nemandans og aðlaga nemandann með heimsóknum og kynningu á nýjum skóla.*"

Við Melaskóla starfar námsráðgjafi [77] sem m.a. upplýsir nemendur um nám og framtíðarmöguleika þeirra.

Tengsl leikskóla Vesturbæjar og Melaskóla "*er samstarfsverkefni foreldra og kennara beggja skólastiga þar sem velferð barnsins er í brennidepli.*" [78]

Tilfærsluáætlun Melaskóla fyrir leikskóla hverfisins er þessi:

"*Móttaka 6 ára nemenda er með þeim hætti að áður en formleg skólaganga hefst er nemendum boðið að koma í heimsókn. Melaskóli er í samstarfi við leikskólana í hverfinu. Verðandi nemendum í 1. bekk er boðið í heimsókn í skólann á vorönn. Þau fara í heimsókn á bókasafnið og í íþróttasalinn… búið er að skipta þeim í hópa og kennarar 1. bekkja taka á móti hópunum í sínum kennslustofum. Á meðan er stutt kynning fyrir aðstandendur og þeim boðið að skoða skólann.*

Við skólabyrjun í ágúst eru 6 ára nemendur boðaðir í viðtal til umsjónarkennara ásamt foreldrum/ forráðamönnum þar sem barnið og hagir þess eru í brennidepli. Að viðtölum loknum hefst skólastarf samkvæmt stundaskrá.

Í september er foreldrum barnanna boðið á kynningarfund þar sem farið er yfir mikilvæg atriði varðandi skólann og hafa áhrif á skólabyrjun barnsins. Umsjónarkennarar kynna skólastarfið, kosnir eru bekkjarfulltrúar og foreldrum gefst tækifæri til að kynnast og skipuleggja frekara samstarf.

[76] starfsáætlun sama, bls.37
[77] starfsáætlun sama, bls.27-28
[78] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.75

Nemendum sem eru að hefja nám í skólanum í öðrum árgöngum en 1. bekk er einnig boðið í heimsókn í skólann fyrir skólabyrjun. [79]

Skólaganga leikskólabarna með sérstakan stuðning er undirbúin í samstarfi við leikskólann, foreldra viðkomandi barns og sálfræðing á Vesturmiðstöð. [80]

Með samstarfi og tengslum milli skólastiga stuðlar Melaskóli að samfellu og markvissi uppbyggingu í námi barna.[81] "*Aðstoðarskólastjórar Melaskóla eru tengiliðir við leikskóla í hverfinu og skipuleggja kynningar fyrir aðstandendur nemenda.*" [82]

Móttökuáætlun: Börn með annað tungumál en íslensku

Í starfsáætlun er fjallað um **móttökuáætlun** fyrir *börn með annað móðurmál en íslensk*u. Þar segir m.a.:[83]

"*Á móttökufundi fer fram ítarlegt móttökuviðtal við nemanda og aðstandendur. Unnið er eftir Handbók um móttöku innflytjenda í grunnskóla Reykjavíkur*" (sjá móttökuáætlun bls.42).

Móttökuáætlun: Sérþarfir

Auk móttökuáætlunar fyrir börn með annað tungumál en íslensku er Melaskóli með **móttökuáætlun** fyrir nemendur með *sérþarfir*.[84] Hún er á formi *einstaklingsáætlana* sem leggja grunn að gerð *einstaklingsnámskráa* í Mentor fyrir nemendur með sérþarfir.

Einstaklingsáætlanir og *einstaklingsnámskrár* eru gerðar í samráði við foreldra nemenda sem víkja frá í félagsþroska og/eða námshæfni. Í þeim koma fram aðlöguð hæfniviðmið, þ.e. námsmarkmið nemenda. Markmiðin eru metin og endurskoðuð reglulega. Myndað er teymi foreldra, kennara, stoðþjónustu og greiningaraðila um nemandann. Þessir aðila starfa náið saman og funda reglulega með velferð nemandans að leiðarljósi.

Nemendur með stuðning og/eða sérkennslu í ákveðnum námsgreinum fá aðlagað námsmat. Það byggir á matskvarða með *stjörnumerktum bókstöfum* (sjá ofar bls.27).

Á teymisfundum, í einstaklingsáætlunum og einstaklingsnámskrám koma fram upplýsingar um (skv. gátlista):

- þarfir, áhugamál og væntingar nemandans
- náms- og/eða félagslega stöðu nemandans
- mælanleg náms- og/eða félagsleg markmið sérkennslu og stuðnings sem byggja á stöðu nemandans ásamt viðmiðum um hvenær þeim er náð

[79] starfsáætlun sama, bls.41
[80] starfsáætlun sama, bls.28
[81] aðalnámskrá bls.74
[82] starfsáætlun sama, bls.15
[83] starfsáætlun sama, bls.25-26; Lög um grunnskóla (91/2008), 16.gr.
[84] Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla (585/2010), 9.-11.gr.

- skipulag stuðnings, leiðir sem farnar eru og námsgögn með skýra tengingu við markmiðin sem sett eru
- hvernig sérkennsla og stuðningur tengist almennu námi og hvernig samfella í námi er tryggð
- sérstaka þjónustu sem nemandinn nýtur í skólanum s.s. hjálpartæki eða fylgd og aðlögun námsaðstæðna í almennri kennslu
- hvernig árangursmati er háttað, hvenær og í hverju eftirfylgni og endurskoðun felst
- framvindu nemandans og skýrt samspil árangurs og nýrra markmiða
- ábyrgðaraðila námskrárinnar og starfsmenn sem vinna með nemandanum
- samvinnu innan skólans varðandi nemandann og teymi um hann
- samráð við foreldra og nemandann ef það á við s.s. um væntingar til náms og skólagöngu
- endurskoðun einstaklingsnámskrárinnar
- annað sem Melaskóli metur að mikilvægt sé að komi fram

9. Tengsl skóla við nærsamfélagið; hvernig nýta má það til náms og þroska

Tengsl Melaskóla við nærsamfélag sitt, önnur en leik- og grunnskóla, eru þessi:

- Samstarf við Lúðrasveit Vesturbæjar um kennsluaðstöðu
- Samstarf um frístundastarf fyrir yngstu nemendurna í frístundamiðstöðinni Selinu (1.-2. bekkur) og Frostheimum (3.-4. bekkur)
- Samstarf við Hólavallarkirkjugarð sem grenndarsvæði/-skógur Melaskóla

Hlutverk og markmið lúðrasveita er að:

- stuðla að aukinni hæfni nemenda til að flytja, greina og skapa tónlist og til að hlusta á tónlist og njóta hennar
- jafna tækifæri nemenda til tónlistarnáms
- efla félagsleg samskipti
- efla sjálfsaga, samvinnu og sjálfstæð vinnubrögð
- stuðla að aukinni tónlistarþekkingu og veita nemendum tækifæri til að koma fram
- stuðla að tónlistaruppeldi annarra ungmenna með því að koma fram á vegum grunnskólanna

Frístundamiðstöðvar gegna veigamiklu hlutverki í námi og þroska barna. Í Selinu er dagleg starfsemi m.a. þessi:

“Selið leggur mikla áherslu á að börnum líði vel í umhverfinu okkar. Við erum einstaklega dugleg að vera með fjölbreytt og skemmtilegt klúbbastarf. Pizzaklúbbur er fastur liður hjá okkur á föstudögum en hver elskar ekki góða föstudagspizzu. Í listasmiðjunni okkar eru mörg og fjölbreytt verkefni unnin ásamt tilraunum og fleira skemmtilegu. Slímklúbburinn er einstaklega vinsæll en að auki eru ljósmyndaklúbbur, vinabandagerð, skartgripagerð svo eitthvað sé nefnt. Félagsfærni er okkur ofarlega í huga og reynir starfsfólk sífellt að halda vel utan um hópinn og grípa strax inn í ef þörf er á. Gildi Selsins er VÁ fagmennska – vellíðan og ánægja!”

Hólavallakirkjugarður er grenndarskógur Melaskóla skv. samningi á milli aðila. Garðurinn hefur gegnt stóru hlutverki í náttúrufræði- og útikennslu sem og umhverfismennt í Melaskóla. Allir árgangar Melaskóla hafa nýtt sér grenndarskóginn til náms, gleði og þroska.

10. Áætlanir Melaskóla

Allar áætlanir Melaskóla eru forvarnaráætlanir utan móttöku- og áfallaáætlun. Áætlanirnar eru kynntar foreldrum á hópfundi að hausti og eru aðgengilegar á heimasíðu skólans á vef Reykjavíkurborgar.

Móttökuáætlun: Börn með annað tungumál en íslensku

Melaskóli fylgir móttökuáætlun Reykjavíkurborgar fyrir nýja nemendur með íslensku sem annað tungumál og stefnu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur um fjölmenningarlegt skóla- og frístundastarf, sbr.: Heimurinn er hér .[85]

Móttökuáætlunin nær til tveggja ára og fer fram í þessum þrepum:

- Móttökuviðtal - upplýsingagjöf til fjölskyldu
- Stöðumat - til að kynnast barninu
- Áætlun byggð á styrkleikum - þríþætt plan
- Milli mála - málkönnunarpróf
- Viðbrögð - niðurstöður prófsins nýttar til þess að skipuleggja stuðning úr frá þörfum barnsins

“Aðstoðarskólastjórar hafa umsjón með og bera ábyrgð á móttöku nýrra nemenda” [86] og nýta þeir sér túlkaþjónustu að þörf til að ná vel til foreldra með takmarkaða eða enga íslenskukunnáttu.[87]

Umsjónarkennarar upplýsa starfsfólk skólans og foreldra um nýja nemandann og inngildingu þeirra.

Íslenskuver Melaskóla heldur utan um nemendur með annað móðurmál en íslensku og nemendur sem þurfa sérstakan stuðning í íslenskunámi. Verið starfar eftir viðmiðum Miðju máls og læsis.

“Kennsla í íslensku sem öðru máli miðast við að mæta nemandanum þar sem hann er staddur í íslensku sem öðru máli. Meginhersla er lögð á almennan orðaforða og skólaorðaforða og síðan hugtakaskilning. Framburður og íslensk málhljóð eru æfð sérstaklega sem og íslenska stafrófið. Áhersla er lögð á hlustun og skilning, lestur og lesskilning. Myndir, sjónrænn orðaforði, spil, tölva, o.fl. nýtist vel til að efla orðaforða nemandans. Áhugamál nemanda og bakgrunnur eru notuð sem kveikja í íslenskunámi. Móðurmálið myndar þá brú yfir í íslensku."[88]

[85] starfsáætlun sama, bls.25-26, aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, kafli 7.13
[86] starfsáætlun sama, bls.15
[87] starfsáætlun sama, bls.25
[88] starfsáætlun sama, bls.25

Stöðumat nemanda, byggt á þremur viðtölum, er nýtt til að setja upp áætlun (sbr. einstaklingsáætlun) byggða á styrkleika hans og reynslu. Síðan er nemanda raðað í hóp eftir skilgreindum hæfnirömmum í íslensku sem annað tungumál, þ.e. : Forstig - 1. stig - 2. stig eða 3. stig.

Kennarar í Íslenskuveri starfa náið með túlkum, umsjónarkennurum, stoðþjónustu skólans og foreldrum um velferð nýrra nemenda við Melaskóla. [89] Í raun ber allt starfsfólk Melaskóla ábyrgð á kennslu íslensku sem annars máls. Umsjónarkennarar og Íslenskuver vinna náið saman um kennslufyrirkomulag, stuðningsefni og forgangsröðun verkefna þessara nemenda.

Áfengis- og fíknivarnaáætlun

Áfengis- og fíknivarnir eru hluti af forvarnaráætlun Melaskóla. Markmið hennar er m.a. að byggja upp jákvæða sjálfsmynd, styrkja félagsfærni og að nemendur tileinki sér heilbrigða lífshætti. Skólinnn tekur mið af forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar í starfi sínu. Í starfsáætlun Melaskóla segir m.a. um forvarnir er tengjast vímuefnum: [90]

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskólanna skal grunnskólinn *"vinna markvisst að forvörnum og heilsueflingu þar sem hugað er að andlegri, líkamlegri og félagslegri vellíðan nemenda skólans."* [91] Fram kemur að forvarnarstarf skólans tengt vímuvörnum sé *"hluti af lífsleikni. Fræðslan er aðallega í höndum umsjónarkennara, skólahjúkrunarfræðings og íþróttakennara."*

Áfengis- og fíknivarnaáætlun Melaskóla felur m.a. í sér:

- Foreldrasamstarf - að efla það og styrkja
- Fræðslu fyrir starfsmenn - á starfsdögum og stigsfundum
- Samstarf við skóla í Vesturbænum - sbr. tilfærsluáætlanir
- Lífsleiknikennslu í öllum árgöngum - áherslu á heilbrigðan lífsstíl
- Aðkomu skólahjúkrunarfræðings/heilsu-gæslu - í anda 6H-heilsunar. og heilsueflandi grunnskóla
- Aðkomu stoðþjónustu - vegna nemenda í áhættuhópum

Aðgerðaáætlun gegn einelti og öðru ofbeldi

Einelti er "*síendurtekin hegðun sem almennt er til þess fallin að valda vanlíðan hjá þeim sem fyrir henni verður, svo sem að gera lítið úr, móðga, særa eða ógna viðkomandi eða að valda honum ótta. Skoðanaágreiningur eða ágreiningur vegna ólíkra hagsmuna fellur ekki hér undir*." [92]

Eineltisáætlun og áætlun gegn öðru ofbeldi eru hluti af forvörnum í Melaskóla. Farið er eftir 30. gr. laga um grunnskóla, nr. 91/2008, 7. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum nr.1040/2011 og gátlista SFS vegna eineltis.

[89] starfsáætlun sama, bls.32
[90] starfsáætlun sama, bls.45
[91] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, kafli 7.8
[92] 3. gr. reglugerðar um aðgerðir gegn einelti á vinnustað, nr. 1009/2015

Í starfsáætlun er fjallað um einelti og viðbrögð við því: [93]

"Ef upp kemur grunur um samskiptavanda eða að nemandi sé lagður í einelti tilkynnist það til umsjónarkennara. Umsjónarkennari ræðir við og aðstoðar nemendur sem eiga hlut að máli, leggur fyrir tengslakönnun í bekknum og upplýsir þá starfsmenn sem koma að nemendahópnum og óskar eftir að fylgst sé með samskiptum.

Ef samskiptavandinn er alvarlegur eða einelti hættir ekki er óskað eftir aðstoð lausnateymis. Starfsmaður eða forsjáraðili fylla út formlega tilkynningu sem umsjónarkennari kemur áfram til lausnateymis skólans.
Lausnateymi greinir samskiptavandann í samvinnu við umsjónarkennara. Greiningin felur í sér samtöl við börn sem eiga hlut að máli, samtöl við aðra sem geta gefið upplýsingar um málið og samtöl við foreldra sem geta gefið upplýsingar út frá sínu barni.

Ef mál er metið sem samskiptavandi aðstoðar umsjónarkennari nemendur við að ná sáttum og eru stoðþjónustan og stjórnendur honum til aðstoðar.

Ef mál er metið sem einelti fara fram samtöl við barn sem lagt er í einelti, samtöl við barn/börn sem leggja í einelti, fundur með foreldrum og umsjónarkennara barns sem lagt er í einelti og fundur með foreldrum barns/barna sem leggja í einelti. Starfsfólk er upplýst um stöðu mála.

Rætt er við málsaðila vikulega í þrjár til sex vikur og umsjónarkennari ásamt eineltisteymi er í reglulegu sambandi við foreldra allra málsaðila.
Eftir sex vikur er málinu annað hvort lokað með formlegum hætti eða vísað áfram til nemendaverndarráðs."

"Forvarnaráætlun um viðbrögð við kynferðislegu ofbeldi er afrakstur þróunarverkefnis þar sem starfsmenn skólans fengu fræðslu og leiðbeiningar um hvernig þekkja megi einkenni kynferðislegs ofbeldis og hvernig bregðast skuli við." [94]

Eineltisáætlun og áætlun gegn öðru ofbeldi í Melaskóla felur m.a. í sér:

- Foreldrasamstarf - að efla það og styrkja
- Fræðslu fyrir starfsmenn - á starfsdögum og stigsfundum
- Að efla jákvæðan skólabrag - umbótaverkefni til lengri tíma
- Samstarf við skóla í Vesturbænum - sbr. tilfærsluáætlanir
- Lífsleiknikennslu í öllum árgöngum - áherslu á félagsfærni
- Aðkomu stoðþjónustu - vegna nemenda í áhættuhópum

[93] starfsáætlun sama, bls.44-45
[94] starfsáætlun sama, bls.45

Öryggis- og slysavarnaáætlun

Áætlun um öryggis- og slysavarnarnir eru hluti af forvarnarstarfi í Melaskóla. Skólinn styðst við Handbók um velferð og öryggi barna í grunnskólum í starfi sínu. Í starfsáætlun er fjallað um öryggisáætlun skólans: [95]

"*Flóttaáætlun hangir uppi á vegg í hverju kennslurými skólans þar sem eru skýr fyrirmæli um flóttaleiðir ef eldsvoði eða jarðskjálfti á sér stað. Nemendur og starfsfólk eiga að þekkja þessa áætlun og æfa hana að lágmarki tvisvar sinnum á ári.*"

Í starfsáætluninni segir jafnframt: [96]

"*Þegar brunakerfi skólans fer í gang á kennari að vera tilbúinn að bregðast rétt við. Hann gefur nemendum strax skýr fyrirmæli um hvað beri að gera. Ef kerfið stoppar áður en mínúta er liðin á ekki að fara út. Kennari metur hvort nemendur fara í skó og yfirhafnir (á æfingum gera þeir það) en þeir eiga ekki að taka neitt annað með sér. Nauðsynlegt er að kennari hafi bekkjarlista á vísum stað og taki með út. Allir verða að vita hvar á skólalóðinni bekkirnir eiga að safnast saman.*

Brunaæfing, með þátttöku allra nemenda og starfsmanna skólans, fer fram einu sinni til tvisvar á skólaárinu í samvinnu við Slökkvilið Reykjavíkur. Reglulega þarf að endurskoða eldvarnar- og rýmingaráætlun skólans í samvinnu við eldvarnareftirlitið. Forvarnardagur er haldinn að hausti þar sem allir nemendur æfa rýmingu vegna bruna og einnig æfa þeir rétt viðbrögð við jarðskjálfta."

Um viðbragðsáætlun Almannavarna segir í starfsáætlun skólans:[97]

"*Viðbragðsáætlun Melaskóla er sú sama og áætlun Almannavarna. Markmið viðbragðsáætlana eru að tryggja skipulögð og samræmd viðbrögð allra skólastofnana sem og starfsmanna þeirra þegar til faraldurs kemur. Við gerð áætlunarinnar er meðal annars stuðst við lög um almannavarnir nr. 82/2008 og lög um sóttvarnir nr. 19/1997. Áætlunin hefur verið kynnt starfsmönnum skólans og ábyrgðarmaður hennar er skólastjóri.*

Þegar veðurspár gefa til kynna að óveður sé í aðsigi á höfuðborgarsvæðinu eru gefnar út viðvaranir til almennings gerist þess þörf. Nauðsynlegt er að foreldrar og aðrir forráðamenn nemenda meti sjálfir aðstæður og sendi börn ekki í skólann ef tvísýnt þykir um öryggi þeirra vegna óveðurs eða ófærðar. Á sama hátt eru foreldrar eða forráðamenn beðnir að gera ráðstafanir til þess að börnin verði sótt eftir að kennslu lýkur ef óveður skellur á meðan á skóla stendur.

[95] starfsáætlun sama, bls.46
[96] starfsáætlun sama, bls.47
[97] starfsáætlun sama, bls.46

Um er að ræða tvö viðbúnaðarstig vegna óveðurs:[98]

Viðbúnaðarstig 1: Röskun verður á skólastarfi vegna erfiðleika starfsfólks og nemenda við að komast til skóla – foreldrar meta sjálfir aðstæður og fylgja börnum sínum í og úr skóla.
Viðbúnaðarstig 2: Skólahald fellur niður.

Samstarf Melaskóla og lögreglu um fræðslu og slysavarnir er lýst í starfsáætlun:[99]

"Í tengslum við forvarnarstarf skólans heimsækja lögregluþjónar nemendur ákveðinna árganga og fara yfir ýmis mál sem tengjast almennri lífsleikni, s.s. umferðarreglur, slysahættu o.fl. Lögreglan er oft sýnileg í nágrenni við skólann og skólinn leitar af og til sérstaklega eftir því að lögreglan fylgist með bílaumferð kringum skólann í byrjun skóladags til að tryggja öryggi nemenda."

"Við skólann starfar öryggisnefnd og öryggisverðir eru Harpa Reynisdóttir, skólastjóri og Bergur Már Sigurðsson, húsvörður. Öryggistrúnaðarmaður er Valentína Björnsdóttir, verkefnastjóri þjónustu. Fulltrúar frá heilbrigðiseftirliti, vinnueftirliti og brunaeftirliti mæta reglulega í skólann, skoða aðstæður og fara yfir öryggisatriði." [100]

Áætlun um öryggis- og slysavarnir í Melaskóla felur m.a. í sér:

- Foreldrasamstarf - að efla það og styrkja
- Fræðslu fyrir starfsmenn - á starfsdögum og stigsfundum
- Að efla jákvæðan skólabrag - umbótaverkefni til lengri tíma
- Samstarf við lögreglu - fræðsla og eftirlit
- Lífsleiknikennslu í öllum árgöngum - umferðarfræðsla o.fl.
- UT-kennsla - netöryggi
- Aðkomu íþróttakennara - slysavarnir í íþróttasal og í sundi
- Aðkomu skólahjúkrunarfræðings/heilsugæslu - slysavarnir, sjúkrakassar o.fl.
- Aðkomu stoðþjónustu - fyrir nemendur með sérþarfir, fræðsla fyrir skólaliða o.fl.

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun

Jafnréttis- og mannréttindaáætlun Melaskóla hefur mannréttindastefnu Reykjavíkur að leiðarljósi. Í starfsáætlun Melaskóla segir: [101]

" Í Melaskóla leitast fólk við að starfa í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Lögð er áhersla á að nemendur og starfsmenn komi fram af virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum og geti ávallt komið skoðunum sínum á framfæri á uppbyggilegan hátt. Mannréttinda– og jafnréttisáætlun Melaskóla var unnin samkvæmt leiðbeiningum frá Jafnréttisstofu og kynnt starfsfólki og nemendum."

[98] starfsáætlun sama, bls.47
[99] starfsáætlun sama, bls.45
[100] starfsáætlun sama, bls.46
[101] starfsáætlun sama, bls.45

Melaskóli leggur áherslu á jafnrétti kynja og að ekki megi mismuna nemendum, foreldrum eða starfsmönnum eftir tilteknum eiginleikum þeirra. Jafnréttis- og mannréttindaáætlun skólans á að stuðla að jákvæðum skólabrag, friði og öryggi allra sem í honum starfa. Það er forsenda að velfarnaði nemenda og árangri þeirra í námi við skólann.

Viðbragðsáætlun við áföllum

Áfallaáætlun er í starfsáætlun Melaskóla en hún er í endurskoðun:[102]

"*Við skólann starfar áfallaráð. Hlutverk þess er að hlúa að nemendum og starfsfólki sem verður fyrir óvæntum áföllum. Skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, kennari, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri þjónustu og skólasálfræðingur eru í áfallaráði. Samráð er haft við Vesturmiðstöð.*

Ef dauðsfall ber að höndum verður haft samband við sóknarprest Neskirkju að höfðu samráði við aðstandendur. Aðgerðir í kjölfar hvers kyns áfalla eru unnar í samráði við fjölskyldu / aðstandendur."

Áætlun um agamál

Skólastjóri og aðstoðarskólastjórar Melaskóla taka allar stærri ákvarðanir í agamálum.[103]
Í starfsáætlun skólans um agamál segir :[104]

"*Ef upp koma árekstrar eða alvarleg agavandamál er kostað kapps um að leysa þau á staðnum af þeim sem hlut eiga að máli og hringt heim til að upplýsa aðstandendur.*"

Nýta skal til fullnustu allar þær leiðir sem skólinn ræður yfir til að leita lausna og ráða bót á hegðun nemanda. Leita þarf allra mögulegra orsaka innan skólans til að viðurlög verði bæði markviss og komi nemandanum að gagni við að bæta hegðun sína. Ef ekki tekst að leysa málið innan skólans skal skólinn í samvinnu við sérfræðiþjónustu skóla kanna orsakir þeirra vandamála sem um ræðir og leita leiða til úrlausna. Verði ítrekað misbrestur á hegðun nemanda skal skólinn leita úrbóta í samstarfi við foreldra/forráðamenn."

Agaáætlun felur m.a. í sér:

- Aðkomu kennara og starfsfólks skólans
- Aðkomu foreldra og aðstandenda
- Aðkomu stoðþjónustu skólans
- Aðkomu lausnateymis og/eða nemendaverndarráðs
- Aðkomu sérfræðiþjónustu skóla - Vesturmiðstöðar
- Aðkomu skólahjúkrunarfræðings/heilsugæslu
- Að byggja upp jákvæðan skólabrag

Agaáætlun Melaskóla er í takt við markmið Vesturmiðstöðvar: [105]

[102] starfsáætlun sama, bls.44
[103] starfsáætlun sama. bls.6
[104] starfsáætlun sama, bls.8
[105] starfsáætlun sama, bls.30

- Stuðla að góðri andlegri og líkamlegri líðan barna og unglinga, jákvæðri sjálfsmynd, félagsfærni og samfélagsvitund
- Styrkja tengsl grunnskóla við grenndarsamfélagið. Stuðla að stöðugri viðleitni nemanda til náms og þroska á forsendum hvers og eins
- Stuðla að jákvæðu viðhorfi foreldra til skólastarfs
- Tryggja jafnræði í aðstöðu til náms, í námsumhverfi og aðgengi að tæknibúnaði

Greinasvið

Inngangur

Í Melaskóla eru sjö árgangar, 1. - 7. bekkur, í 25 bekkjardeildum skólaárið 2025-2026. Fyrir hvern árgang eru settar upp ***námslotur*** í öllum námsgreinum sem grundvallast á: yfirliti um námsgreinina, kennsluáætlun (þ.e. námsþættir, áherslur og námsefni, kennsluaðferð, námsaðlögun, grunnþættir menntunar og námsmat), hæfniviðmiðum og námsmatsverkefnum.

Fjölbreytt *matsverkefni* eru sett upp innan námslota, jafnt og þétt yfir skólaárið, og námsmat skráð og birt nemendum og foreldrum á Minn Mentor. Námslotur gilda í eitt skólaár. Námsloturnar eru alls 123 í Melaskóla þetta skólaárið (sjá Námsmat bls. 24-30).

Leiðarljós menntastefnu Melaskóla er að veita nemendum almenna menntun, bæði einstaklings- og samfélagsmiðaða, byggða á grunnþáttum menntunar sem tengjast allir innbyrðis. Melaskóli menntar nemendur, eflir námshæfni þeirra til að þeir geti tekist á við sjálfa sig og samfélagslegar áskoranir sem bíða þeirra í framtíðinni..

Hæfnihugtakið (þ.e. gæðahugtakið) liggur til grundvallar námi og kennslu í Melaskóla. Hæfni felur í sér yfirsýn og getu til að hagnýta sér þekkingu (hagnýta og fræðilega) og leikni (vitsmunalega og verklega).[106] Þá byggir hæfni á siðviti og samfélagslegri sýn nemenda. Hæfni tekur bæði til námshæfni (sértækrar hæfni innan námsgreina) og lykilhæfni (almennar hæfni).

Hæfniviðmið Melaskóla eru *metanleg viðmið* fengin úr aðalnámskrá, eins og áður sagði. Áherslur skólans innan námsgreina ræður vali á forgangsröðun hæfniviðmiða. Skólastjórnendur samþykkja eða hafna breytingum á hæfniviðmiðum skólanámskrár og bera ábyrgð á henni.

Melaskóli velur eigin *matsviðmið* fyrir alla árganga og allar námsgreinar utan 4. og 7. bekk (sjá námsmat bls.27). Í lok stiga er stuðst við matsviðmið aðalnámskrár.[107] Matsviðmið eru lýsing á hversu vel nemandi hefur tiltekin hæfniviðmið á valdi sínu.

Eins og áður gat (bls. 28) styðst Melaskóli við eftirfarandi atriði til að tryggja áreiðanleika, réttmæti og gæði námsmats: [108]

- Setja skýr viðmið eða gera grein fyrir því hvað á að meta
- Velja matsþætti sem hæfa vel hæfniviðmiðum, námsefni og kennsluaðferðum
- Undirbúa lýsingu á því sem á að meta eða sýna dæmi um vel unnin verkefni
- Huga vel að því að verkefni séu í samræmi við viðmið
- Vera vakandi yfir atriðum sem geta skekkt niðurstöður
- Hafa skýrar leiðbeiningar um matsaðferðir, úrvinnslu og túlkun gagna

[106] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, bls.39
[107] aðalnámskrá 3.útg.pdf, 2016, kafli 27; breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kaflar 17 - 26
[108] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17.2: Námsmat

Markmið skólanámskrár Melaskóla er að skapa samfellu og gæði í námi nemenda frá 1. - 7. bekk. Um það fjallar þessi hluti skólanámskrárinnar, þ.e. **greinasvið**. Það grundvallast á **námslotum** í Mentor í öllum árgöngum og námsgreinum; alls 123 talsins á þessu skólaári.

Eins og fyrr sagði (bls.27) eru námslotur, verkefni og námsmat Melaskóla aðgengileg nemendum og foreldrum á Minn Mentor og Mentor appinu. Skólanámskrá Melaskóla, almennur hluti og greinasvið, er einnig sýnileg á vef Reykjavíkurborgar. Námslotur standa fyrir greinasvið skólanámskrárinnar sem er raðað eftir stigum, árgöngum og námsgreinum í anda aðalnámskrár.

Efnistök í ***námslotum*** (þ.e. á greinasviði skólanámskrár) eru þessi:

- **Yfirlit námslotu:** Almennar upplýsingar um námslotuna/námsgrein
- **Kennsluáætlun:** Tímabil, áætlun um námsþætti og áherslur, kennsluaðferðir og námsmat. Vísað er í grunnþættir menntunar eftir stefnu skólans og áherslum í árgöngum (sjá kafla 2.1 og 2.2). Kennsluáætlun Melaskóla byggir á hæfniviðmiðum námsgreina, leiðsagnarnámi, grunnþáttum menntunar og lykilhæfni til að stuðla að almennri menntun, alhliða þroska og hæfni nemenda.
- **Verkefni:** Öll matsverkefni byggð á áreiðanlegum og réttmætum matsgögnum, viðeigandi matskvörðum, hæfni- og matsviðmiðum. Þessi hluti námslota er einungis birtur viðkomandi foreldrum og nemendum á Minn Mentor/Mentor appinu á "verkefnaflís" en ekki á vef Reykjavíkurborgar (sjá neðar: Námsmat).
- **Viðmið námskrár:** Hér birtast metanleg hæfniviðmið úr aðalnámskrá. *Sértæk* hæfniviðmið námsgreina og *lykilhæfni* eru liður í markmiðssetningu til að raungera menntastefnu Melaskóla. Hæfniviðmið námsgreina tengjast grunnþáttum menntunar og má líkja við markmiðssetningu þeirra. Markmið menntunar er þó ekki einungis að kenna sértæka hæfni námsgreina heldur að nemandinn öðlist *almenna* lykilhæfni sem nýtist honum í lífinu ævilangt. Hæfni nemenda sem byggir á grunnþáttunum (og áhersluþáttum grunnskólalaga) flokkast sem lykilhæfni.[109]
  Melaskóli birtir ekki mat á lykilhæfni á vitnisburðarblaði við lok 4. og 7. bekkja. [110]
- **Námsefni:** Námsefni lotunnar er t.d. á rafrænu formi þannig að foreldrar og nemendur geti nýtt sér það heima og heiman. Val á námsefni tekur mið af hæfniviðmiðum námsgreina.
- **Námsmat:** Allt námsmat skilgreindra matsverkefna (sjá ofar: Verkefni) safnast upp á hæfnikorti nemenda og birtist einungis viðkomandi foreldrum og nemendum á "námsmatsflís" í Minn Mentor/Mentor appinu, þ.e. ekki á vef Reykjavíkurborgar.

Skólanámskrá Melaskóla er aðgengileg, eftir skólastigum, árgöngum og námsgreinum, á vef Reykjavíkurborgar:

Almennur hluti
Greinasvið

[109] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17: Lykilhæfni og grunnþættir menntunar
[110] breytingar á aðalnámskrá 1188/2024, kafli 17: Greinasvið - Kennsla, nám og námsmat